# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 28. desember 2005 – 39. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa




Björgólfur Thor Björgólfsson

# Maður ársins





Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóvember–1. desember 2005.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GOTT FÓLK MCCANN



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON**
Árið var Björgólfi Thor gjöfult í viðskiptum jafnt sem einkalífi. Hann er viðskiptamaður ársins hjá Markaðinum

# Björgólfur Thor viðskiptamaður ársins

## Senn rennur sitt skeið ár mikilla landvinninga í íslensku viðskiptalífi. Þar hafa margir náð markverðum árangri. Niðurstaða í vali Markaðarins er að þetta árið hafi Björgólfur Thor Björgólfsson verið fremstur meðal íslenskra athafnamanna. *Hafliði Helgason* fór yfir þetta viðburðaríka ár með Björgólfi Thor.

Það var ekki langt liðið á þetta ár þegar ljóst varð að Íslendingar höfðu eignast fyrsta fulltrúa sinn í hópi ríkustu manna heims á lista Forbes. Björgólfur Thor Björgólfsson er klárlega einn þeirra sem ryðja brautina og fyrstur til að komast í slíkan hóp. Hann hefur byggt upp mikið viðskiptaveldi og nýtt vel þann stofn sem varð til þegar afrakstur erfiðis Björgólfsfeðga og Magnúsar Þorsteinssonar í Pétursborg var innleystur.

Alls nemur markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöll Íslands sem Björgólfur Thor er stór hluthafi í sexhundruð milljörðum króna. Auk þess hefur Björgólfur Thor leitt fjárfestingar í fjarskiptafyrirtækjum víða um Evrópu. Þær stærstu í Búlgaríu, en auk þess í Grikklandi, Tékklandi, Póllandi og Finnlandi.

### GOTT AÐ VINNA Í NÆÐI

„Mér finnst gaman og vænt um þetta val,“ segir Björgólfur Thor um val dómnefndar sem skipuð var hópi sérfræðinga sem fylgjast með viðskiptalífinu. „Þetta er búið að vera mjög gott ár og margir skemmtilegir hlutir sem hafa komið óvænt.”

Umfang Björgólfs og árangur þeirra fyrirtækja sem skráð eru á innanlandsmarkaði eru flestum ljós, en á árinu hefur Björgólfur Thor unnið hörðum höndum að því að plægja og sá til framtíðar í fjárfestingum í fjarskiptafélögum. „Mér finnst gott að vinna þessa vinnu í næði og koma svo með allt tilbúið. Ég er ennþá í mikilli undirbúningsvinnu í þessum símaviðskiptum. Búinn að vera í eitt og hálft ár að safna hráefni. Nú er þetta orðið dálítið safn af hráefni og því hægt að fara að kokka upp eitthvað verulega spennandi.”

### REFSAÐ FYRIR VELGENGNI

Actavis hefur á þessu ári undir stjórnarformennsku Björgólfs Thors keypt mörg fyrirtæki og nú síðast Alpharma, en með þeim kaupum er félagið komið í hóp stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims. „Það var óþægilegt fyri Actavis að félagið tók í rauninni út hækkun tveggja ára á einu ári. Það er í raun aldrei gott fyrir fyrirtæki að lenda í því. Það er engum greiði gerður með því að taka út svo miklar væntingar í einu og þurfa svo að sitja uppi með stöðnun. Markaðurinn er nú bara svona og við getum ekkert kvartað. Nú er fyrirtækið að aðlagast raunveruleikanum.“ Björgólfur segir framundan spennandi tímabil hjá Actavis við að vinna úr kaupunum á Alpharma. „Róbert Wessman hefur staðið sig ótrúlega vel og safnað í kringum sig góðum hópi stjónenda. Ég er mjög bjartsýnn á framhaldið og það hefur tekist vel að koma saman sterkum hópi til að takast á við þetta spennandi verkefni. Fyrir mig sem fjárfesti er Actavis þroskaðasta verkefnið. Ég hef verið í þessu verkefni í sex ár. Það hefur allt sinn tíma. Rússland tók tíu ár. Actavis hefur þroskast vel og gaman að sjá það blómstra. Þetta byggist á því að hafa rósalega góðan hóp af stjórnendum og veita þeim þann stuðning sem þeir þurfa.”

Björgólfur hefur skilgreint sig sem fjárfesti sem horfi á verkefnin í þriggja til fimm ára tímabilum. „Það hefur alltaf verið ákveðin fílósófía hjá mér að í upphafi skyldi endinn skoða. Hugsa um það hvernig maður ætli að fara út úr verkefnunum, en ekki bara að kaupa og hanga inni. Ég reyni að halda í að sjá endapunktinn fyrir.”

### ÞURFUM AÐ DREIFA ÁHÆTTU

Björgólfur beindi kröftum sínum talsvert innanlands þegar Samson keypti kjölfestuhlut í Landsbankanum. Undanfarið hefur hann beint sjónum sínum og orku meir að erlendum fjárfestingum. „Ég sé ekki íslenska hagkerfið og íslenska markaðinn sem endapunkt, heldur sem hluta af ferlinu.“ Athafnalífið og efnahagsumhverfið hefur tekið miklum breytingum frá kaupunum á Landsbankanum. „Það er ótrúleg breyting sem varð við einkavæðinguna og það er frábært að sjá árangurinn. Það er gegnumgangandi bjartsýni og þor sem einkenna fyrirtækin núna. Ég talaði við íslenska fjárfesta þegar ég var með bjórfyrirtækið í Rússlandi fyrir mörgum árum. Þá þorðu þeir köldustu ekki að koma nálægt því. Nú er kannski ástæða frekar til að hafa áhyggjur af því að menn verði of kaldir. Það sem ég hef mestar áhyggjur af er ef menn hanga allir á sama flekanum. Ef það kemur gat á flekann, þá er ekki hægt að stökkva á annan fleka. Það er mjög heppilegt fyrir íslenska fjárfesta ef þeir tækju í meira mæli upp samstarf við erlenda fjárfesta og erlendar fjármálastofnanir. Það er það sem ég hef verið að reyna að gera og finnst að fleiri ættu að gera. Það er gott fyrir alla að dreifa áhættu. Það býður hættunni heim ef sömu aðilar fjárfesta alltaf saman og með sömu fjármálastofnanir á bak við sig. Við megum heldur ekki gleyma því að Ísland hefur vakið mikla athygli og við erum undir smásjá erlendra fjölmiðla. Í umfjölluninni gætir mikilla alhæfinga sem ég held að myndi minnka mikið ef menn næðu að mynda fleiri tengsl.“ Erlendar bankastofnanir hafa komið að fjármögnun stórra verkefna íslenskra fjárfesta. „Maður sér ákveðin þroska og greinir bæði hættumerki og batamerki á sama tíma.”

### DAVOS OPNAR VÍDD

Á einu og sama árinu komst Björgólfur Thor á lista Forbes, var valinn í hóp ungra leiðtoga í heiminum sem þingaði í Davos í Sviss, stóð í miklum fjárfestingum, þróun og sameiningu Burðarás við Straum og mikil fyrirtækjakaup Actavis sem einnig skilaði sínu besta uppgjöri á þriðja ársfjórðungi. Björgólfur segir erfitt að taka eitt út úr þegar horft sé yfir viðskipti hans og starf á árinu. „Árið byrjaði með hvelli. Það var heiður og skemmtileg tilfinning að komast á lista Forbes. Ég neita því ekki að ég hafði gaman af því. Ég segi nú ekki að maður hafi stefnt að því. Eins var með leiðtogaþingið í Davos. Það opnaði svolítið nýja vídd. Hér heima stendur kannski upp úr vinnan við að koma að Eimskipafélaginu sem stjórnarformaður. Við breyttum nafninu í Burðarás og höfum náð að gera það sem við ætluðum okkur á tiltölulega skömmum tíma. Við höfum selt sjávarútveginn og skipafélagið kemur nú til fjölda hluthafa í gegnum skráningu Avion þegar gengið hefur verið frá arðgreiðslu Straums-Burðaráss til hluthafanna og fjárfestingarstarfsemin er komin í öflugt félag.”

### NÝJAR HUGMYNDIR Í FRAMKVÆMD

Burðarás sameinaðist að hluta til

*Framhald á síðu 4*

**UMSVIF OG AÐKOMA BJÖRGÓLFS THORS:**

**Fjármálafyrirtæki:**

| | |
|---|---|
| **Ísland:** | Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki – stjórnarformaður |
| **Ísland:** | Samson eignarhaldsfélag – stjórnarformaður |
| **Svíþjóð:** | Carnegie, norrænn fjárfestingarbanki – stjórnarmaður |
| **Búlgaría:** | El Bank – félag Björgólfs Thors, Novator, keypti á árinu 34% hlut í þessum áttunda stærsta banka í Búlgaríu. |

**Lyfjafyrirtæki:**

| | |
|---|---|
| **Ísland:** | Actavis, alþjóðlegur lyfjarisi – stjórnarformaður |

**Fjarskiptafyrirtæki:**

| | |
|---|---|
| **Finnland:** | Elisa – Novator, félag undir forystu Björgólfs Thors, er langstærsti einstaki hluthafinn með nærri 11% eignarhlut. |
| **Pólland:** | Netia – Novator hefur þegar eignast yfir 10% hlut í þessu fastlínusímafélagi og hefur auk þess gert tilboð í önnur 13% í félaginu. |
| **Pólland:** | P4 – Novator ásamt pólska símafélaginu Netia undirbúa rekstur þessa farsímafélags sem þegar hefur hlotið leyfi fyrir þriðju kynslóð farsíma. |
| **Tékkland:** | CRa – Björgólfur Thor er stærsti einstaki eigandi þessa fastlínusímafélags sem á einnig 40% í farsímafélaginu T-Mobile Czecka. |
| **Búlgaría:** | BTC – Novator hefur eignast 75% hlut í búlgarska landssímanum. |
| **Grikkland:** | Forthnet – Novator hefur eignast 29% í þessu vaxandi gríska fjarskiptafyrirtæki. |

**Ég er ennþá í mikilli undirbúningsvinnu í þessum símaviðskiptum. Búinn að vera í eitt og hálft ár að safna hráefni. Nú er þetta orðið dálítið safn af hráefni og því hægt að fara að kokka upp eitthvað verulega spennandi."**

„Ef við byrjum saman í dag verðum við komin með 15.961.867 kr. eftir 35 ár.*“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 240.000 kr. í mánaðarlaun.

GOTT FÓLK McCANN




## VISSIR ÞÚ AÐ ...

*... u.þ.b. helmingur allra reikninga fyrirtækja eru smáreikningar sem hljóða samanlagt upp á 2 – 4% af heildarútgjöldum?*

*... algengt er að umsýsla hvers reiknings kosti á bilinu 2.000 – 5.000 kr. – hvort sem hann er upp á 500 kr. eða 5 milljónir?*

*... með notkun Innkaupakorts Íslandsbanka má spara allt að 75% umsýslukostnaðar reiknings?*

Innkaupakort Íslandsbanka eykur hagræði í rekstri fyrirtækja því innkaupaferlar einfaldast til muna með tilheyrandi **tíma- og vinnusparnaði**. Á Netinu er auðvelt að nálgast allar færslur og flytja þær **rafrænt yfir í bókhald.** Þannig fæst góð **yfirsýn yfir útgjöld** fyrirtækisins, sem hægt er að greina niður á korthafa, deildir eða söluaðila. Einnig er auðvelt að ákvarða úttektarheimild fyrir hvert kort og hverja deild.

**Hafðu samband við fyrirtækjafulltrúa í síma 440 4000
eða sendu fyrirspurn á fyrirtaeki@isb.is.**

ÍSLANDSBANKI | 100%

HVITA HUSID / SIA - 4684

# Fremstir í flokki viðskiptanna

Margir voru kallaðir í vali dómnefndar Markaðarins á viðskiptamönnum ársins, enda árið það stærsta í íslenskri viðskiptasögu. Pálmi Haraldsson, bræðurnir í Bakkavör og Jón Ásgeir Jóhannesson komu í þessari röð á eftir Björgólfi Thor Björgólfssyni í valinu á manni ársins.

Pálmi Haraldsson kom fast á hæla Björgólfs Thors Björgólfssonar í vali dómnefndar Markaðarins á manni ársins í viðskiptalífinu. Pálmi hefur um langt skeið verið áberandi í viðskiptalífinu og lengi vel kunnur þeim sem fylgjast með viðskiptum.

Þetta ár var stórt hjá Pálma og hann komst í sviðsljósið og má segja að hann hafi komið sér með afgerandi hætti í hóp þeirra stóru í viðskiptalífinu.

Það sem kom Pálma á framfæri voru kaupin á danska lággjaldaflugfélaginu Sterling og síðan á samkeppnisaðilanum Maersk sem Pálmi ásamt sínum mönnum sameinaði og seldi til FL Group. Þessi viðskipti voru viðskipti ársins að mati dómnefndar sem valdi mann ársins.



**GOTT ÁR HJÁ PÁLMA** Pálmi Haraldsson kom sér rækilega á kortið og að baki er sérlega hagstætt ár í viðskiptum hjá félögum sem Pálmi fer fyrir.

Pálmi komst fyrst á kortið í viðskiptalífinu sem fjárfestir þegar hann keypti hlut í Flugleiðum fyrir nokkrum árum síðan. Þá var trúin á félagið ekki mikil, en fjárfesting Pálma reyndist firnagóð.

Hann hefur fjárfest töluvert með Baugi og gjarnan nefndur í því samhengi, en hefur alltaf meðfram fjárfest á eigin vegum og þá gjarnan í fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum og þurfa styrka stjórn til að snúa af þeirri braut. Flest þau erfiðu rekstrarverkefni sem Pálmi hefur tekist á við hafa gengið upp. Hann hefur verið óhræddur við að kaupa hlut í fyrirtækjum sem aðrir hafa verið ragir að takast á við. Pálmi gerðist stjórnarformaður Icelandkeðjunnar eftir kaup Baugs á Big Food Group en Iceland var fyrirfram talið áhættusamasta fyrirtækið í eigu Big Food. Pálmi hefur, ásamt Malcolm Walker, stofnanda Iceland, tekist á hendur að beina félaginu á farsælli braut. Síðast þegar fréttist var árangurinn af því starfi framar vonum.

**BRÆÐUR Á SIGURBRAUT**

Fast á hæla Pálma komu svo bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir sem kenndir eru við Bakkavör. Ferill þeirra í viðskiptum er sérlega glæsilegur. Þeir hafa byggt upp fyrirtækið Bakkavör frá grunni í það stórveldi sem það er í dag. Árið sem nú rennur sitt skeið er merkilegt hjá þeim bræðrum fyrir margra hluta sakir. Þeir keyptu matvælafyrirtækið Geest sem hafði verið á matseðli Bakkavarar um skeið. Það sem kom markaðnum mest á óvart við þau kaup var að þrátt fyrir að Geest væri mun stærra fyrirtæki en Bakkavör, þá þurfti ekki að auka hlutafé við kaupin. Ástæðan var sú að stórir erlendir bankar voru tilbúnir að fjármagna þá bræður að fullu sem verður að teljast veruleg traustsyfirlýsing og sýni vel hversu styrkum fótum þeir bræður standa í bresku viðskiptalífi.

Þeir bræður létu ekki þar við sitja, því fjárfestingafélag þeirra, Exista, leiddi þann hóp sem varð hlutskarpastur í keppni fjárfesta um kaup á Símanum. Exista er að stærstum hluta í eigu þeirra bræðra og eru stærstu eignir þess í Bakkavör, KB banka og Símanum, auk kjölfestuhlutar í Flögu sem gengur nú í gegnum endurskipulagningu. Exista jók hlut sinn í KB banka nú í vetur og virðist sú aukning hafa verið vel tímasett og gengi bankans hækkað talsvert á þeim stutta tíma sem liðinn er frá kaupunum.

**BLENDIÐ ÁR BAUGS**

Jón Ásgeir Jóhannesson lenti í fjórða sæti í vali dómnefndar. Engum blöðum er um það að fletta að Baugur undir forystu Jóns Ásgeirs er á fleygiferð og eftir árið liggja stór viðskipti að baki í Bretlandi og í Danmörku. Baugur lauk kaupum á Big Food Group í upphafi árs sem eru ein stærstu viðskipti Íslandssögunnar. Fjárfesting Baugs í danska fasteignafélaginu Keops var vel heppnuð og spennandi verkefni framundan hjá félaginu á danska fasteignamarkaðnum. Baugur hafði einnig forystu um kaup á danska vöruhúsinu Illum og stýrir nú för í stóru



**MIKIL UPPBYGGING** Bræðurnir í Bakkavör stóðu í stórræðum, áunnu sér traust breskra banka og urðu hlutskarpastir í kaupum á Símanum.

vöruhúsunum í miðborg Kaupmannahafnar.

Árið hlýtur þó að teljast blendið í hugum Baugsmanna. Fyrirtækið varð að yfirgefa samningsborðið við kaup á bresku verslunarkeðjunni Somerfield þegar ákærur voru gefnar út í Baugsmálinu. Þar fóru önnur stórviðskipti sem fyrirtækið hefur orðið af vegna þessa máls sem hefur hvílt yfir fyrirtækinu eins og skugginn.

Undir þeim kringumstæðum hefur félagið þó unnið marga sigra á árinu og kemur væntanlega til með að skila góðu ársuppgjöri. Verulegur gengishagnaður er þegar orðinn af eignum í skráðum félögum í Kauphöll Íslands, svo sem Mosaic og FL Group, og ekkert sem bendir til annars en að Baugur verði áfram á fleygiferð.

**AÐRIR Á TOPPNUM**



Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson voru efstir þeirra sem eftir standa í vali dómnefndar. KB banki hefur verið á kunnuglegri hraðsiglingu á árinu og keypti bresku bankanna Singer og Friedlander. Aðrir sem komust á topp tíu voru Hannes Smárason, forstjóri Fl Group, Sigurjón Þ. Árnason, forstjóri Landsbankans, Karl Wernersson, eigandi Lyfja og heilsu og kjölfestufjárfestir í Íslandsbanka og að síðustu Róbert Wessman, forstjóri Actavis.

**BLENDIÐ ÁR** Viðskiptin gengu vel hjá Baugi undir forystu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Baugsmálið hvíldi á honum og hindraði kaupin á Somerfield.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

9,0%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

ENNEMM / SIA / NM17595

* Nafnávöxtun sl. 6 mánuði á ársgrundvelli m.v. 30.11.2005

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
– kraftur til þín!

*Björgólfur Thor* *Framhald af síðu 2*

Landsbankanum og að hluta til Straumi. „Sú hugmynd kom upp á fundi með forstjóra félagsins í Grasagarðinum þegar við fórum yfir möguleikana. Maður fékk viðkvæðið að þetta hefði aldrei verið gert með þessum hætti. Ég svaraði: Hvað með það þó það hafi ekki verið gert áður? Er það hægt? Menn komust að því að það var hægt. Mér finnst alltaf gaman þegar nýjar hugmyndir komast í framkvæmd."

Björgólfur Thor segir það einnig hafa verið skemmtilegt þegar hann sem stjórnarformaður Burðaráss afhenti Háskóla Íslands umsjá Háskólasjóðs Eimskipafélagsins. Sá sjóður átti lengi stóran hlut í félaginu sem styrkti stöðu þeirra sem réðu meirihluta á hverjum tíma. „Ég er nú venjulega ekki mikið fyrir slíkar kynningar, en ég hafði mjög gaman að þessari afhendingu. Það var gaman að vera staddur í Háskólanum þar sem maður hafði verið á bókasafninu í gamla daga og afhenda þennan sjóð. Bæði af því að háskólinn átti það skilið og sérstaklega vegna þess að ég fann svo mikla samkennd með frukvöðlunum. Það var svo göfug hugsjón að baki stofnunar sjóðsins og frumkvöðlar hans voru svo mikið á undan sinni samtíð. Þegar maður fór að kynna sér sögu sjóðsins fannst manni þetta svo göfugt og svo sorglegt hvað hafði orðið úr."

**VAXANDI ÁBYRGÐ MEÐ VAXANDI ÁRANGRI**

Björgólfur segir leiðtogaþingið í Davos hafa haft góð áhrif á sig og hann skynji vaxandi ábyrgðartilfinningu með vaxandi árangri. „Menn eru að vinna að því að tengja viðskiptalífið við metnaðarfull þjóðfélagsverkefni. Það er mjög gott þegar það næst. Það er fyrst á þessu ári sem ég hef farið að velta slíku fyrir mér af alvöru. Ég er kannski ekki farinn að ráðast í nein stórvirki á því sviði, en ég er farinn að hugsa miklu meira út í það."

**DÓMNEFNDIN**

Dómnefnd markaðarins var skipuð tug manna sem fylgjast grannt með íslensku viðskiptalífi. Hópurinn samanstendur af fræðimönnum og óháðum sérfræðingum. Enginn á ritstjórn Markaðarins sat í dómnefndinni. Dómnefndarfólk skipaði þeim sem taldir voru skara fram úr á árinu í sæti og gaf fyrsta sæti þrjú stig, annað tvö stig og það þriðja eitt stig.

Björgólfi hefur vegnað sérlega vel á árinu. Hann segir þó auðvitað ekkert standa framar atburðum ársins í einkalífinu. Frumburður hans fæddist á árinu. „Það vita það allir foreldrar að það er stærsta stund lífs hvers einstaklings þegar hann sér nýtt líf fæðast. Það er það frábærasta sem hefur hent mig nokkurn tímann. Það er stærsti fjársjóðurinn."



Við viljum að þú náir árangri
“Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi.  Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við að velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinanna.“
Guðríður Ólafsdóttir
Yfirmaður fyrirtækjasviðs
Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500  Fax 540 1505
www.lysing.is




**STERLING VIÐSKIPTI ÁRSINS** Dómnefnd sérfræðinga hefur útnefnt kaup Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, í Fons eignarhaldsfélaginu, á Sterling og Maersk Air, kaup ársins í íslensku viðskiptalífi. Flugfélögin runnu í eitt og voru svo seld til FL Group.

# Sterling viðskipti ársins

## Sérfræðingar velja kaup Fons á Sterling og Maersk Air sem viðskipti ársins. Félagarnir **Pálmi Haraldsson** og **Jóhannes Kristinsson** högnuðust um fleiri milljarða þegar Sterling var selt FL Group.

Kaup þeirra Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, í eignarhaldsfélaginu Fons, á norrænu flugfélögunum Sterling og Maersk Air, sem sameinuð voru undir merkjum fyrrnefnda fyrirtækisins, hafa verið útnefnd viðskipti ársins af sérfræðingum í viðskiptalífinu.

Fons hefur selt Sterling til FL Group og er talið að söluhagnaður af viðskiptunum geti numið allt að sjö milljörðum króna.

### FYRST VAR ÞAÐ STERLING ...

Í mars var greint frá því að Pálmi og Jóhannes, aðaleigendur Iceland Express, hefðu fest kaup á lággjaldaflugfélaginu Sterling af Ganger Rolf og Bonheur, dótturfélögum í eigu norska skipakóngsins Freds Olsen, fyrir fimm milljarða króna. Pálmi sagði að það væri ljóst að sölu- og leiðakerfi Sterling og Iceland Express yrðu nýtt saman en vildi ekki gefa upp hvort sameining flugfélaganna væri á döfinni.

Sterling var stofnað í Danmörku árið 1994, og hefur höfuðstöðvar sínar í Kaupmannahöfn, en félög í eigu Freds Olsen eignuðust flugfélagið árið 1996. Félagið hóf að fljúga til Suður-Evrópu árið 2000 og tveimur árum síðar var félaginu breytt í lággjaldaflugfélag - því fyrsta á Norðurlöndum. Sterling hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum, til dæmis fjölgaði farþegum um fjörutíu prósent á milli áranna 2002 og 2003 en vextinum fylgdu miklir verkir. Félagið tapaði gríðarlegum peningum líkt og Maersk Air sem rann inn í Sterling nokkrum mánuðum síðar. Á fyrsta ársfjórðungi tapaði Sterling um 460 milljónum króna.

Þegar kaupin gengu í gegn flaug Sterling á þrjátíu áfangastaði og velti um tuttugu milljörðum króna. Starfsmenn þess voru liðlega 600. Að mati Fons voru aðstæður ákjósanlegar til að snúa taprekstri í hagnað. Félagið hefur á að skipa einum yngsta flugflotanum í Evrópu og er í miklum vexti eins og flest lággjaldaflugfélög.

### ... OG SÍÐAN „MEÐGJÖFIN“ MAERSK

Í lok júní tók Sterling yfir danska lággjaldaflugfélagið og keppinautinn Maersk Air sem hafði verið vandræðabarnið í AP-Møller fyrirtækjasamstæðunni.

Kaupin vöktu gríðarlega athygli á Norðurlöndum og víðar. Börsen greindi frá því að A.P. Møller - Mærsk hefði borgað Fons yfir þrjá milljarða króna til að losna við Maersk Air. Flugfélagið hafði verið þungur baggi á Dönunum og var talið að þrjátíu milljarðar hefðu verið greiddir með rekstrinum á fimm árum. Þessu hafa eigendur Fons ætíð hafnað. Pálmi hefur sagt að Fons hafi greitt fyrir Maersk en kaupverðið hefur ekki fengist uppgefið.

„Ég ætlaði mér alltaf að ná í Maersk þegar ég keypti Sterling. Þetta átti sér langan aðdraganda. Það var ekki eins og maður læsi bara Börsen einn daginn og ákveddi að kaupa Sterling,“ sagði Pálmi. Hann segir það hafa verið stolt eigenda Sterling og Maersk að láta félögin ekki fara á hausinn í sínum höndum. „Bæði félögin voru í eigu mjög fullorðinna manna sem eru við það að fara í stóra ferðalagið. Báðir meðal

*Kaup á flugfélögum*

En hvernig kemst maður að samningaborðinu til að kaupa eitt stykki flugfélag? „Það er einfalt. Það er bara að hringja í 114 og biðja um símanúmerið hjá Fred Olsen og segja: Hej, jeg hedder Pálmi Haraldsson. Svo fer maður í næstu flugvél og hittir manninn.“ Þar með voru hafnar viðræður um kaup á Sterling sem tóku drjúgan tíma, en hafa þegar skilað þeim félögum Pálma og Jóhannesi góðum ávinningi.

*(Markaðurinn 26. október 2005)*

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhraun 22
Við höfðum til þín
Runólfur Gunnlaugsson
lögg. Fasteignasali
Skrifstofur okkar eru opnar
alla virka daga frá kl. 9-17
Sími: 565 8000 Netfang: hofdi@hofdi.is

Trönuhraun 3

Vorum að fá í sölu 138,4 fm iðnaðarhúsnæði auk 120 fm millilofts. Snyrtilegt pláss sem getur losnað fljótlega. Verð 17,5 milljónir.

Fjarðargata 13-15

Glæsilegt fullbúið 215,9 fm verslunarhúsnæði á þessum eftirsótta stað. Stefnt er að sölu á eigninni, en leiga kemur til greina. Verð 43 milljónir. Heil rishæð í þessu vandaða húsi í miðbænum.

Barónsstígur 5

Eignin er tveir eignahlutar en selst sem einn. Var innréttað sem tannlæknastofur, en er nú nýtt sem íbúðir. Verð 21,5 milljónir.

Flatahraun 3

Glæsilegt nýtt 546 fm atvinnuhúsnæði til sölu/leigu. Laus strax. Verð: Tilboð.

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur eignir á skrá strax - skoðum og metum atvinnuhúsnæði samdægurs.



**ALMAR ÖRN HILMARSSON, FORSTJÓRI STERLING** Pálmi tók hann með sér frá Iceland Express.

ríkustu manna Norður-Evrópu.“

Margir fjárfestingasjóðir reyndu að kaupa félögin en einhverra hluta vegna enduðu bréfin í höndum Pálma og Jóhannesar.

Pálmi sagði við þetta tækifæri að hann sæi fyrir sér samþjöppun á lággjaldaflugfélagamarkaði og að félögin yrðu stærri. Sterling væri því komið í góða stöðu til að taka þátt í þeirri þróun. „Sameinað félag verður mjög sterkt fjárhagslega,“ sagði Pálmi. Hann var spurður að því hvort Sterling eitt og sér hafi verið óhagkvæm eining og sagði svo ekki vera: „Sterling stóð vel fyrir sínu og hvatinn þeirra megin til sameiningar var meiri en hjá okkur.“

Íslendingarnir tóku rekstur nýju félaganna engum vettlingatökum og komu af miklum krafti inn. Almar Örn Hilmarsson, mágur Pálma, sem hafði verið framkvæmdastjóri Iceland Express, var ráðinn forstjóri Sterling og tók síðar við hinu sameinaða félagi. Skrifstofustarfsmönnum var fækkað og er stefnt að því að þeir verði 230 í stað 600 áður. Heildarfjöldi farþega hins sameinaða félags er áætlaður um fimm milljónir og velta áætluð 60 milljarðar króna á því ári sem er að líða.

Sterling er fjórða stærsta lággjaldaflugfélag Evrópu á eftir Ryanair, easyJet og Air Berlin.

### FL GROUP KEMUR VIÐ SÖGU

Viðræður Fons eignarhaldsfélags og FL Group fóru af stað um miðjan september og mánuði síðar höfðu náðst samningar um kaup FL Group á Sterling fyrir fimmtán milljarða íslenskra króna.

Kaupverðið getur hækkað eða lækkað eftir því hvernig afkoma ársins 2006 verður og miðast við að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði 3,5 milljarður króna á næsta ári. Kaupendur settu auk þess skilyrði að Sterling yrði afhent með þremur milljörðum króna í handbæru fé um næstkomandi áramót. Fons fékk ellefu milljarða greidda með peningum en fjóra milljarða í hlutabréfum sem miðaðist við útboðsgengi í hlutafjárútboði FL Group sem fram fór stuttu seinna.

Óhætt er að fullyrða að hagnaður Fons hafi verið mikill á sölunni á Sterling til FL Group. Telja má fullvíst að söluhagnaður hafi numið að minnsta kosti sjö milljörðum króna en danska pressan taldi að hagnaður Fons hefði verið ellefu milljarðar króna. Salan var mjög umdeild, ekki síður vegna tíðra, neikvæðra frétta sem bárust úr herbúðum FL Group um þetta leyti.

Um söluna sagði Pálmi Haraldsson við Markaðinn: „Kaupverð Maersk er trúnaðarmál að þeirra [AP-Möller] kröfu og ég ætla mér ekki að rjúfa þann trúnað. Ég get þó sagt að þær tölur um tíu eða ellefu milljarða hagnað af sölunni sem verið hafa nefndar eru fjarri lagi.“

### HAGSTÆÐ VIÐSKIPTI

Báðir aðilar - Fons og Hannes Smárason, forstjóri FL Group og aðaleigandi - eru sannfærðir að viðskiptin hafi verið hagstæð fyrir báða aðila. Hannes benti á að kaupin væru hagstæð ef gerður væri samanburður á rekstri Sterling við önnur stór lággjaldaflugfélög. Miðað við þær forsendur sem kaupin byggjast á getur verðmæti félagsins fimmfaldast á næsta ári að mati forstjóra FL Group.

Sterling verður rekið sem sjálfstætt rekstrarfélag innan FL Group-samstæðunnar og verða bæði Almar og Pálmi við stjórnvölinn. Fons hefur þar með ekki sagt skilið við flugfélagarekstur á Norðurlöndum með beinum hætti þar sem félagið er stærsti eigandinn í sænska lággjaldaflugfélaginu FlyMe.

Tíminn einn mun leiða það í ljóst hvort verulegur viðsnúningur verði á rekstri Sterling, sem skili þeim væntingum sem til þess eru gerðar. Hitt er þó víst að koma Pálma og Jóhannesar í Fons inn á norrænan lággjaldaflugfélagamarkað á árinu 2005 fer í sögubækur íslensks viðskiptalífs.



**PÁLMI HARALDSSON** “Ég ætlaði mér alltaf að ná í Maersk þegar ég keypti Sterling. Þetta átti sér langan aðdraganda. Það var ekki eins og maður læsi bara Börsen einn daginn og ákveddi að kaupa Sterling.”



# Viðskiptafréttaannáll 2005

## Methagnaður og fyrirtækjakaup einkenndu viðskiptalífið á árinu sem er að líða.

Strax í upphafi árs var ljóst að einkavæðing Símans myndi setja svip sinn á viðskiptaumfjöllun ársins. Einkavæðingarnefnd hafði á Þorláksmessu samið við breska bankann **Morgan Stanley** um að vera nefndinni til ráðgjafar í söluferlinu. Sögusagnir fóru af stað hverjir myndu bjóða í ríkisfyrirtækið og var danska símafyrirtækið TDC strax nefnt í því sambandi.

**Ég get hvorki neitað því né játað á þessum tímapunkti**
*Torben Holm, aðstoðarforstjóri TDC ,11. janúar.*



**KEYPTU MAGASIN** Kaup Baugs á Magasin du Nord vöktu mikla athygli í Danmörku enda verslunin áberandi í miðborg Kaupmannahafnar.

Danir hrukku við í byrjun janúar þegar staðfest var á ellefta degi ársins að Baugur Group hefði fest kaup á **Magasin du Nord**, sem er eitt kennileita í miðborg Kaupmannahafnar. Vakti þetta mikla athygli og beindist kastljósið að íslenskum fjárfestum og hefur það skinið skært allar götur síðan. Tónninn í garð Íslendinga hefur þó heldur mýkst í fjölmiðlum eftir því sem liðið hefur á árið.

Hlutabréfaverð byrjaði strax að hækka í byrjun árs eftir miklar hækkanir árið áður. Fréttir bárust af auknum umsvifum íslenskra fyrirtækja. **Flugleiðir** stofna flugvélaleigu í Liechtenstein, Burðarás fjárfestir í sænsku upplýsingatæknifyrirtæki um miðjan mánuðinn og hluthafar samþykktu yfirtökutilboð Baugs í **Big Food Group**.



**RISA FLUGVÉLAKAUP** Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, og Hannes Smárason stjórnarformaður kynna flugvélakaup að andvirði 40 milljarða króna.

Flugleiðir blæs til blaðamannafundar 21. janúar og kynnir risasamning um kaup á flugvélum. Voru áætlanir um að fjárfesta í flugvélum fyrir um 40 milljarða króna.

**Okkur bauðst að kaupa**
*Hannes Smárason, stjórnarformaður Flugleiða, 22. janúar.*

Sama dag kynnir KB banki Íslandsmetið í hagnaði á einu ár, Samtals sextán milljarðar króna takk fyrir. Hver bankinn á fætur öðrum kynnir góða afkomu og 28. janúar er greint frá því að aldrei hafi bankarnir hagnast meira. Fjörutíu milljarðar króna staðfestu það.

**FEBRÚAR**

Eitthvað varð að gera við alla peningana sem bankarnir græddu og 1. febrúar tilkynnti Landsbankinn að hann hefði gert tilboð í rótgróið breskt verðbréfafyrirtæki, **Teather & Greenwood**.

**Þeir njóta fjárhagslegs styrks okkar og hafa möguleika á að bæta við þjónustu sína**
*Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, 2. febrúar.*

SÍF selur Sjóvík dótturfyrirtæki sitt í Bandaríkjunum og stefnir að því að færa félagið frá því að vera fyrst og fremst sölusamtök í að verða framleiðslufyrirtæki.

Kristinn Björnsson er kjörinn í stjórn Straums en tekur ekki sæti vegna olíuverðsamráðsins. Flugleiðamenn bættust í hluthafahóp **Húsasmiðjunnar** eftir að Baugur hafði keypt meðeigendur sína út. Þá varð mikil blóðtaka hjá umboðsaðila Toyota á Íslandi þegar lykilstarfsmenn gengu út.

Eimskip varð að eftirsóttri vöru á markaðnum og Flugleiðir eru tilbúnir til að greiða 19 milljarða króna fyrir fyrirtækið. Sama dag, eða 8. febrúar, greinir Actavis frá kaupum á indverska lyfjafyrirtækinu **Lotus**. Kaupverðið er 1,6 milljarðar króna.

**Kaupin á Lotus tryggja félaginu fyrsta flokks aðstöðu fyrir klínískar rannsóknir**
*Róbert Wessman, forstjóri Actavis, 9. febrúar.*

Baugur heldur áfram tilraunum til að auka umsvif sín í Bretlandi og gerir tilboð í bresku verslunarkeðjuna **Somerfield**. Daginn eftir, 11. febrúar, taka stjórnendur félagsins við stjórnartaumunum í Big Food Group.

Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands kalla blaðamenn á sinn fund og kynna verkaskiptingu sín á milli varðandi eftirlit með markaðnum.



**SAMSTARF KYNNT** Verkaskipting milli Kauphallar Íslands og Fjármálaeftirlitsins gerð skýrari. Páll Gunnar Pálsson og Þórður Friðjónsson gera grein fyrir starfsreglum.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

# SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka akstursieiginleika. Volvo XC70.

### Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjórhjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirkt meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörnin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina í framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

### Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.



*Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.*




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**FYRSTA KONAN** Ragnhildur Geirsdóttir gerð að forstjóra Flugleiða, fyrst kvenna. Hlutverk móðurfélags gert skýrara.

**Ragnhildur Geirsdóttir** verður fyrst kvenna til að vera forstjóri Flugleiða, sem breytir síðan nafni sínu í FL Group í takt við önnur fyrirtæki sem vilja láta taka sig alvarlega. Félagið er endurskipulagt.

Ríkið ákveður að kaupa Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ út úr Landsvirkjun. Meiður bætist í hóp kjölfestufjárfesta í Vátryggingarfélagi Íslands og stjórn Somerfield hafnar tilboði Baugs í fyrirtækið.

### MARS

Eftir að nafnið FL Group varð að veruleika í mars verður Skífan að **Dagur Group**. Steinn Logi Björnsson er valinn nýr forstjóri Húsasmiðjunnar.

Hið gamalgróna félag, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sameinast lítt þekktu félagi, Sjóvík. Hluthafar **Sjóvík** fá hlutabréf í SH, verða stórir eigendur og ráðist er í skipulagsbreytingar. Nafnið Icelandic Group verður til.

**„Nú verður til mun öflugra fyrirtæki sem hefur alla burði til að vera leiðandi á markaðnum.“**
*Gunnar Svavarsson, forstjóri SH, 5. mars.*

Bakkavör gerir formlegt tilboð í breska framleiðslufyrirtækið **Geest** 8. mars og fær til þess risalán fyrir pakkanum. Um sjötíu milljarðar er stór biti fyrir Bakkavör á þessum tíma og félagið fær eitt stærsta bankalán sem íslenskt fyrirtækið hafði þá fengið.

Hulduher vill fjárfesta í útgáfufélagi **Morgunblaðsins**. Framkvæmdastjóri blaðsins líkir tilboðinu við óvinveitta yfirtöku. Hluthafar vilja ekki að nýr hópur fjárfesta eignist hlut í félaginu. Kristinn Björnsson segir ljóst að breyta þurfi samþykktum um forkaupsrétt hluthafa. Síðar kemur í ljós að hulduherinn samanstendur af Bakkabræðrum og Brynjólfi Bjarnasyni og **Einari Sveinssyni** Íslandsbankamanni.

Björgólfur Thor kemst á lista **Forbes** yfir ríkasta fólk í heimi – fyrstur Íslendinga. Lendir hann í sæti númer 488.

Pálmi Haraldsson kaupir **Sterling** fyrir fimm milljarða króna og leggur sterkari grunn að veldi sínu í flugheiminum. Það á eftir að nýtast honum vel seinna á árinu.

**„Við viljum ekkert gefa út um á þessari stundu hvort félögin verða sameinuð.“**
*Pálmi Haraldsson, eigandi Iceland Express, 15. mars.*

Hræringar eru í íslensku viðskiptalífi. Ólafur Ólafsson kaupir meirihluta hlutafjár í Keri, sem á síðan í Olíufélaginu og **Samskip**. Vill hann vernda sig fyrir tilraunum annarra til að ná yfirhöndinni í félaginu.

KB banki og Burðarás kaupa í **Skandía**,



**STÓR BITI.** Kaupin á Geest var stór biti fyrir Bakkavör. Lýður Guðmundsson gerir grein fyrir forsendum kaupanna.

Straumur sækir sjö milljarða króna í auknu hlutafé til að styrkja eiginfjárstöðu sína. Actavis undirritar samning um kaup á tékknesku lyfjafyrirtæki. Útrásin heldur áfram.

Hluthafar í Keri deila um atkvæðisrétt. Deilt er um hvort tiltekin vinnubrögð hafi verið heiðarleg. Öllum ásökunum er vísað á bug af stjórnendum Kers.

21. mars veitir Geir H. Haarde, þá fjármálaráðherra, **einkavæðingarnefnd** umboð til að annast sölu á Símanum. Nefndin undirbýr tillögur að söluferlinu.

Landsbanki Íslands efnir til hlutafjárútboðs. Seldir eru 800 milljónir hluta að nafnvirði. Stefnt að því að afskrá Samherja úr Kauphöllinni. Hluthöfum gert yfirtökutilboð af stærstu eigendum félagsins. Sama dag, eða 30. mars, er tilkynnt um sölu **SÍF** á 55 prósenta hlut í Icelandic Seafood International.

### APRÍL

Í upphafi mánaðarins fór úrvalsvísitalan yfir fjögur þúsund stig. Ríkidæmi Íslendinga vex og Björgólfur Thor Björgólfsson og Jón Ásgeir Jóhannesson birtast á lista **Sunday Times** yfir ríkustu menn á Bretlandseyjum.

Stjórn breska fjárfestingarbankans **Singer & Friedlander** hefur viðræður við KB banka um mögulega yfirtöku á bankanum. Fyrir á KB banki 20 prósent í Singer.

Ráðherranefnd um einkavæðingu samþykkir tillögu einkavæðingarnenfdar um söluferli Símans 4. apríl. Forsætisráðherra kynnir málið á **Alþingi** og Síminn er auglýstur til sölu í fjölmiðlum daginn eftir.

**Þetta fellur að þeirri hugsun að æskilegt sé að fyrirtæki af þessu tagi sé að minnsta kosti með einhverjum hætti í dreifðri eignaraðild**
*Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, 4. apríl.*

FL Group ákveður að kaupa fimm **Boeing** flugvélar til viðbótar við þær tíu sem pantaðar voru í janúar.

Karl Wernersson og fjölskylda kaupa 66 prósenta hlut í **Sjóvá** á um 17,5 milljarða króna. Miðað við það verð er heildarverðmæti Sjóvár 26 milljarðar króna.

Atorka Group kaupir hlutabréf Árna Þórs Árnasonar og Valdimars Olsen í **Austurbakka** og eignast þar með meirihluta í félaginu.

Sprenging verður í leigu á laxveiðiám og er Víðidalsá leigð á 52 milljónir króna árið. Slíkt verð hefur ekki sést áður.



**OPIÐ SÖLUFERLI** Einkavæðingarnefnd kemur saman og kynnir hvernig staðið verður að söluferli Símans.



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

Jólatilboð Brimborgar
Jólin nálgast
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is

Samskip kaupa frystigeymslur í Hollandi, Noregi og Færeyjum af hollenska flutningafyrirtækinu **Kloosterboer**. Rúma þær samtals 84 þúsund tonn.

**Það eru tvær megináherslur í Samskipum; annars vegar gámaflutningar og hins vegar frystiflutningarnir.**

*Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa, 27. apríl.*



**SJÓVÁ** Stjórn Íslandsbanka ákveður að selja Karli Wernerssyni og fjölskyldu tryggingafélagið Sjóvá.

Harðar deilur verða á milli meirihluta stjórnar Íslandsbanka og Straums vegna sölu á Sjóvá til félags í eigu **Karls Wernerssonar**. Gamlir vinir, Bjarni Ármannsson og Þórður Már Jóhannesson, stjórnendur bankanna, takast á. Hlutabréf Íslandsbanka hækka í verði.

### MAÍ

KB banki slær enn eitt hagnaðarmetið. Hagnaður bankans fyrstu þrjá mánuði ársins nam um ellefu milljörðum króna eftir skatta. Tilkynnt er að bankinn ætlar að kaupa Singer & Friedlander.

Straumur skilaði 4,6 milljörðum í hagnað sömu mánuði, Íslandsbanki rúmum þremur milljörðum, Og Vodafone 200 milljónum og **Össur** 195 milljónum. Burðarás græðir milljarð króna.

Breska verslunarkeðjan **Mosaic Fashions** ætlar að skrá sig í Kauphöllina í júní.

Hluthafar Morgunblaðsins nýttu sér forkaupsrétt á sextán prósenta eignarhlut Haraldar Sveinssonar sem Íslandsbanki hafði boðið í fyrir hönd nokkurra einstaklinga.

**Þessi hlutur hefur verið keyptur og greiddur.**

*Kristinn Björnsson, stjórnarformaður Straums, 4. maí.*

Mikil vinna fer fram bak við tjöldin við að mynda fjárfestahópa sem bjóða eiga saman í Símann. Enginn einn aðili eða tengdir aðilar mega kaupa meira en 45 prósent í fyrirtækinu.

Sagt er frá sex heimsþekktum álfyrirtækjum sem íhuga byggingu álvers á Íslandi. Framkvæmdastjóri í **Norðuráli** segir þá hafa áhuga á að reisa eitt álver á Íslandi til viðbótar.

Bakkavör tekur formlega yfir Geest föstudaginn 13. maí. Fá stjórnendur afhenta lykla að verksmiðjunni í Bretlandi og öllum formsatriðum er þá lokið. Heildarkaupverðið er um sjötíu milljarðar króna.

Í ljós kemur að **HB Grandi** ræður yfir mestum kvóta. Hlutdeild félagsins í heildarkvótanum er rúm ellefu prósent en kvótaþakið er samkvæmt lögum tólf prósent.

Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, gerir grein fyrir söluferli Símans í Markaðnum. Þar kemur fram að tilboð verða opnuð í viðurvist bjóðenda daginn sem þeim er skilað. Verði minni en fimm prósenta munur á tilboðum mega hæstbjóðendur bjóða aftur.

Landsbankinn skilar sex milljarða króna hagnaði fyrstu þrjá mánuði ársins. Burðarás er næststærsti einstaki hluthafinn í **Skandia**.

**Íslenska auglýsingastofan**, sú stærsta á Íslandi, tilkynnir um úrsögn úr Sambandi íslenskra auglýsingastofa, SÍA, vegna ósættis. Telja eigendur stofunnar samtökin of gjörn á að gefa eftir skuldir, til dæmis hvað varðar þrot Góðs fólks.

**Við erum ekki sáttir við stjórnina í einstökum málum.**

*Ólafur Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslensku auglýsingastofunnar, 18. maí.*

Lífeyrissjóðir skiluðu yfir tíu prósenta raunávöxtun að meðaltali annað árið í röð 2004. Lífeyrissjóður sjómanna skilar bestri ávöxtun.

Fagfjárfestar vilja fjórfalt meira af hlutabréfum í bresku tískukeðjunni Mosaic en í boði var.

Björgólfur Thor Björgólfsson er á góðri leið með að yfirtaka finnska símafélagið **Saunalahti**.

Fjórtán óbindandi tilboð bárust í Símann sem 37 aðilar stóðu að. Trúnaðarákvæði hindrar tilboðsgjafa í því að gefa sig upp.

FL Group leigir fimm þotur til Kína. Samskip auka hlutafé um fjóra milljarða króna.

Actavis kaupir bandaríska samheitalyfjafyrirtækið **Amide**. Kaupverðið er 33 milljarðar króna auk árangurstengdra greiðslna.

Viðskiptaráðherra skipar Gylfa Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, formann stjórnar **samkeppniseftirlitsins** sem tekur til starfa 1. júní.

### JÚNÍ

Nýr mánuður byrjar á tilkynningu um að **Avion Group** hefur keypt Eimskip af Burðarási. Stefnt að skráningu Avion fyrir lok janúar 2006. Magnús Þorsteinsson hverfur úr fjárfestingum **Samson**, sem Björgólfsfeðgar þá stjórna. Segir það ekki tengjast kaupunum á Eimskipi.

**Himinn og haf hefur verkefnið verið kallað.**

*Magnús Þorsteinsson, aðaleigandi Avion Group, 1. júní.*




**BÚINN Á VAKT** Gunnar Dungal kvaddi viðskiptavini og starfsfólk Pennans eftir að hafa staðið vaktina um áratugaskeið. Kristinn Vilbergsson leiddi kaupin á Pennanum.

Færeyska olíuleitarfyrirtækið **Atlantic Petroleum** sækir um skráningu á Íslandi. Er þetta fyrsta færeyska félagið sem er skráð á hlutabréfamarkað. Markaðsverðmætið er um tveir milljarðar króna.

Fjármálaeftirlitið skoðar viðskipti með hlutabréf í Actavis í aðdraganda kaupanna á Amide. Viðskipti með bréf í Actavis voru stöðvuð þegar grunur vaknaði um að upplýsingar hefðu lekið út.

Framkvæmdastjóri **Frjálsa fjárfestingarbankans** segir það hafa verið hugsunarleysi að tilkynna ekki til Kauphallarinnar að bankinn væri stærsti eigandi Sláturfélags Suðurlands.

Steinunn Jónsdóttir, dóttir Jóns Helga Guðmundssonar í **Byko**, selur 4,11 prósent hlut sinn í Íslandsbanka til Burðaráss. Átök eru í eigendahópnum.

Pálmi Haraldsson heltist úr lestinni í kapphlaupi um að kaupa litháíska ríkisflugfélagið **Lithuanian Airlines**.

Enginn virðist vita hver var sjötti stærsti hluthafinn í almenningshlutafélaginu Icelandic Group eftir sameiningu SH og Sjóvíkur.

**Penninn** er seldur og 36 ára setu Gunnars Dungal í forstjórastjóli er lokið. Kristinn Vilbergsson tekur sér það sæti.

**Ég var tvítugur þegar ég tók við stjórnartaumunum í Pennanum eftir að faðir minn féll skyndilega frá.**

*Gunnar Dungal, forstjóri Pennans, 16. júní.*

Átök standa um völd í **Sparisjóði Hafnarfjarðar**. Fjölmargir stofnfjáraðilar fá tilboð í hluti sína og Fjármálaeftirlitið óskar eftir skýringum.




**EIMSKIP SELT** Avion Group, með Magnús Þorsteinsson í broddi fylkingar, kaupir Eimskip fyrir 22 milljarða. Greiðir Avion tæpa þrettán milljarða í reiðufé og níu milljarða með hlutafé í sjálfu félaginu.

Markaðurinn upplýsir að eigandi huldufélagsins í Icelandic Group var Ólafur Ólafsson í Samskipum. Fjármálaeftirlitið skoðar viðskipti félagsins, **Serafin Shipping**.

Stofnfjárbréf í SPRON hafa tvöfaldast í verði frá því þau voru sett á markaði í október árið 2004.

### JÚLÍ

Forsvarsmönnum Baugs eru birtar ákærur vegna meintra efnahagsbrota.

Árni Oddur Þórðarson, Hreggviður Jónsson og Inga Jóna Þórðardóttir segja sig úr stjórn FL Group. Ágreiningur er um stjórnun Hannesar Smárasonar stjórnarformanns á félaginu.

Eigendur **Lyfja og heilsu** tilkynna um kaup á sjötíu prósent hlut í breska fyrirtækinu Per-Scent sem markaðssetur og dreifir ilmvatni.

Jón Ásgeir Jóhannesson, Hannes Smárason, Sigurður Bollason og Magnús Ármann kaupa 27 prósenta hlut Saxbyggs og fleiri í FL Group. Ný stjórn kosin.

Samskip kaupir breska skipafélagið **Seawheel**. Eimskip kaupir helmingshlut í kanadíska skipafélaginu **Halship**.

Upplýst er að **Íbúðalánasjóður** lánar bönkum og sparisjóðum milljarðana sem hafa streymt inn vegna uppgreiðslna íbúðalána.

**Peningarnir verða ekki geymdir undir koddanum.**

*Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, 6. júlí.*

Markaðurinn segir frá því að tuttugu stærstu kaup íslenskra fyrirtækja erlendis á síðustu átján mánuðum nema 450 milljörðum króna.




Björgólfur Thor Björgólfsson sækist eftir því að kaupa 35 prósent hlut í búlgarska bankanum **EI bank**.

Baugur þarf hins vegar að draga sig út úr kaupendahópi Somerfield vegna ákæru fyrir efnahagsbrot. Hagnast samt um þrjá milljarða við að selja bréf sín í félaginu.

Íslensku bankarnir þrír eru meðal þeirra banka sem hækka hvað mest á lista breska tímaritsins **The Banker** yfir 1.000 stærstu banka heims.

Íslendingar fjárfestu sem aldrei fyrr í sögunni í útlöndum í fyrra. Tölur frá Seðlabankanum eru birtar og kemur í ljós að erlendar fjárfestingar jókst um 580 prósent.

Erlendir fjárfestar bjóða ekki í Símann samkvæmt heimildum Markaðarins. Greint er frá því að þrír hópar fjárfestar, allir skipaðir íslenskum aðilum, muni bjóða í Símann. Jón Sveinsson vildi ekki staðfesta þetta.

Sæplast kaupir **Bonar Plastics**, dótturfélag Low and Bonar, fyrir rúma 2,9 milljarða króna. Sæplast er breytt í **Promens** og til verður eitt stærsta iðnaðarfyrirtæki í eigu Íslendinga.

Bindandi tilboð í Símann eru opnuð í viðurvist bjóðenda á **Hótel Nordica** 28. júlí. Skipti ehf. er með hæsta tilboð 66,7 milljarða króna. Exista og KB banki eru með stærstan hlut í Skipti.

**Enginn vissi nákvæmlega hvað upp úr umslögunum kæmi.**

*Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, 28. júlí.*

Burðarás skilar methagnaði á öðrum ársfjórðungi, tæpum tuttugu milljörðum

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
8,0%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. nóv. 2005 - 30. nóv. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða síðustu 3,6 og 12 mánuði skv. www.sjodir.is
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.


Ö Ð R U V Í S I   H L J Ó M T Æ K I

# Þ Ú  F Æ R Ð  N Ý Á R S G J Ö F I N A  H E N N A R  H J Á  O K K U R



## TIVOLI PAL

Hönnuður: Henry Kloss
Emmy verðlaunahafi / Audio Hall of Fame

TIVOLI PAL/VEÐRAÞOLIÐ FERÐAÚTVARP í hæsta gæðaflokki með hleðslutæki, og 12V tengi fyrir bílarafmagn.
Afar einfalt í notkun



## TIVOLI SongBook

Hönnuður: Henry Kloss
Emmy verðlaunahafi / Audio Hall of Fame

Útvarp í hæsta gæðaflokki með 5 stöðva minni, hleðslutæki, og 12V tengi fyrir bílarafmagn o.fl.
Afar einfalt í notkun.



## TIVOLI Model two

Hönnuður: Henry Kloss
Emmy verðlaunahafi / Audio Hall of Fame

**MODEL TWO STEREO SYSTEM**
Útvarp, geislaspilari, hátalarar og sub,
Ótrúleg hljómgæði.  Afar einfalt í notkun.

www.hljómsyn.com

HLJÓMSÝN
HLJÓMTÆKI • HEIMABÍÓ • BÍLTÆKI
Ármúla 38 - Sími 588-5010

projection design  Pro-Ject  GRADO  Paradigm  Vincent  marantz  lexicon  Martin Logan  audio pro  PODSPEAKERS

## Parque Santiago ☀☀☀

Verð frá: **36.940,-** M.v. 2 með 2 börn í viku í júní, júlí eða ágúst. **2 í viku 45.880,- á mann.**

Eitt eftirsóttasta íbúðahótelið á Tenerife byggt í skemmtilegum spönskum stíl og frábærlega staðsett á Playa De Las Americas ströndinni. Hótelgarðurinn er einn sá stærsti á svæðinu, fallegur og mjög vel búinn. Skemmti- og veitingastaðir eru allt um kring og alþjóðlegar verslanir með ótrúlega fjölbreytt vöruúrval gera hótelið að eftirsóttum stað fyrir þá sem vilja vera í rólegheitum við strönd en jafnframt í göngufæri við iðandi mannlíf.

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 80 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Sundlaug \| garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |




**ÍBÚÐIR**

Mjög góðar íbúðir með svölum/verönd, ísskáp, kaffivél, sjónvarpi og síma. Þrif 6 daga vikunnar.




## Gran Hotel Bahía Del Duque ☀☀☀☀☀+

Verð frá: **72.533,-** **Morgunverður og kvöldverður innifalinn.** M.v. 2 með 1 barn í viku, 7.-14. júní. **2 í viku 94.800,- á mann.**

Ævintýraheimur með öllu tilheyrandi: frábær herbergi, fjöldi veitingastaða og verslana, og hreint ótrúlegur sundlaugargarður sem byrjar með fjölbreyttum gróðri og fallegum sólbaðsstöðum og endar á ströndinni þar sem hafið tekur við. Þetta er lúxushótel og resort í hæsta gæðaflokki.

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 150 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Margir |
| Veitingastaður | Margir |
| Sundlaug \| garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |
| Aðstaða fyrir fatlaða | Já |




**HERBERGI**

Glæsileg herbergi og svítur með svölum, minibar, loftkælingu, sjónvarpi og síma. Þrif daglega. Afburða lúxushótel á lista The Leading Hotels of the World.

The Leading Hotels of the World



## Gran Hotel Costa Adeje ☀☀☀☀☀

Verð frá: **59.467,-** **Morgunverður og kvöldverður innifalinn.** M.v. 2 með 1 barn í 2 vikur, 7.-21. júní. **2 í 2 vikur 75.700,- á mann.**

Glæsilegt lúxushótel byggt 2001 með útsýni yfir Duque og Fanabé strendurnar. Hér er allt sem hugurinn girnist, fjöldi veitingastaða, frábærar sundlaugar (m.a. upphituð barnalaug), tennis og minigolf, heilsulind með snyrtistofum og tyrknesku baði og frábær skemmtidagskrá fyrir börn og fullorðna.

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 300 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Margir |
| Veitingastaður | Margir |
| Sundlaug \| garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |
| Aðgengi fyrir fatlaða | Já |




**HERBERGI**

Rúmgóð herbergi og svítur með svölum, minibar, loftkælingu, sjónvarpi og síma. Þrif daglega.



## Hotel Gala ☀☀☀☀

Verð frá: **54.760,-** **Morgunverður og kvöldverður innifalinn.** M.v. 2 með 1 barn í 2 vikur, 5.-19. júlí. **2 í 2 vikur 7.-21. júní 68.140,- á mann.**

Fallegt hótel við Playa de las Americas ströndina. Þægileg og vel búin herbergi og framúrskarandi þjónusta gera Hotel Gala að einstaklega hagkvæmum og spennandi kosti á besta stað á Tenerife.

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 100 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Sundlaug \| garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Nei |
| Aðstaða fyrir fatlaða | Já |





**HERBERGI**

Góð herbergi með svölum, minibar, loftkælingu, sjónvarpi og síma. Þrif daglega.



Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni
www.kreditkort.is

**www.sumarferdir.is**

**Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn**




**Sala hafin**
**Bókaðu lúxus á lægsta verði!**

# Tenerife sumarið 2006 — ótrúlegt kynningarverð!

Sólríkar suðurstrendur Tenerife eru heitasti áfangastaðurinn í ár. Hér bjóðum við upp á einstaklega glæsilega gististaði á verði sem hefur aldrei áður staðið Íslendingum til boða.
Láttu dekra við þig í dásamlegu loftslagi og einstaklega fjölbreyttri afþreyingu fyrir fólk á öllum aldri.
Beint flug í hverri viku í allt sumar.

Bókaðu núna:
www.sumarferdir.is
Sími 575 1515

SUMAR FERÐIR
— ALLTAF Á RÉTTU VERÐI



**UPPSTOKKUN** Mikil viðskipti voru í byrjun ágúst þegar Burðarási var skipt á milli Landsbankans og Straums fjárfestingarbanka. Fulltrúar þessara hluthafa kynntu viðskiptin fyrir starfsfólki og eigendum á Hótel Nordica.

króna. Íslandsbanki hagnast um 7,5 milljarða króna á sama fjórðungi sem er umfram spár.

### ÁGÚST

Mánuðurinn byrjar á risasamningi. **Burðarás** rennur saman við Straum fjárfestingarbanka en Landsbankinn tekur ákveðnar eignir til sín auk þess að fá sautján milljarða króna í reiðufé.

**Samruninn er einn af stærstu samrunum sinnar tegundar á Íslandi.**

*Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Burðarás, 3. ágúst.*

KB banki hagnast um 25 milljarða fyrstu sex mánuði ársins og slær enn eitt metið. Hagnaður bankanna á fyrri helmingi ársins er samtals 54 milljarðar króna. Það er meiri hagnaður en allt árið í fyrra.

Össur kaupir bandaríska fyrirtækið **Royce Medical** Holdings, sem framleiðir stuðningstæki. Baugur kaupir bresku verslunarkeðjuna Jane Norman fyrir 13,5 milljarða króna.

Félag í eigu Baugs, Straums og Birgis Þórs Bieldvelt kaupir áttatíu prósenta hlut í danska vöruhúsinum **Illum**. Fyrir eiga þeir Magasin du Nord.

Úrvalsvísistalan nær í fyrsta skipti yfir 4.500 stigum. Þriðju mestu viðskiptin á einum degi frá opnun Kauphallarinnar voru í byrjun mánaðarins.

Bjarni í Brauðbæ Árnason selur **Óðinsvé** til félagsins Þórstorgs, sem er í eigu nokkurra aðila. Samskip kaupa Ísstöðina og þúsund tonna frystigeymslu.

Yfirtökunefnd kemst að þeirri niðurstöðu að eignarhaldsfélag Hannesar Smárasonar er ekki yfirtökuskylt í FL Group í kjölfar breytinga á eigendahópnum.

Til verður stærsta einkarekna fyrirtækið á sviði heilbrigðisþjónustu á Íslandi með sameiningu Liðsinnis og Sögu heilsu. **Atlantis**, alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki, er með starfsemi í fjórtán löndum og stefnir á skráningu á markað.

**Helsti flöskuháls í söluaukningu er aðgangur að fjármagni.**

*Óli Valur Steindórsson, forstjóri Atlantis, 31. ágúst.*

Upplýst í Markaðnum að Síminn breytti 750 milljóna skuld Skjás eins í hlutafé. Var þessi ákvörðun tekin áður en Síminn var einkavæddur.

### SEPTEMBER

Eimskip undirritar kaup á hollenska frystigeymslufyrirtækinu **Daalimpex**. Hollenska fyrirtækið er eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Evrópu.

Forstjóri Íslandsbanka og fimm framkvæmdastjórar selja hlutafé í bankanum fyrir 3,7 milljarða króna. Bjarni Ármannsson seldi sjálfur bréf fyrir 1,8 milljarð króna. Hagnaður Bjarna af viðskiptunum, án þess að tillit sé tekið til fjármagnskostnaðar, er 195 milljónir króna.

Styrmir Þór Bragason lætur af störfum sem framkvæmdastjóri fjárfestingarfélagsins Atorku Group.

**Menn voru með ólíkar stefnur að hverju skyldi stefna.**

*Styrmir Bragason, framkvæmdastjóri Atorku, 2. september.*

**Rúmfatalagerinn** hyggst hasla sér völl í Austur-Evrópu og auka umsvif sín í Kanada og Eystrasalti.

Norska fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við störf **Kaupthing Norge**.

Forsætisráðherra skipar Davíð Oddsson, formann Sjálfstæðisflokksins og utanríkisráðherra, bankastjóra og formann bankastjórnar **Seðlabankans** til sjö ára.



**REKINN** Þórólfur Árnason hafði einungis verið í forstjórastóli Icelandic Group í nokkra mánuði þegar honum var skyndilega sagt upp störfum.

Actavis festir kaup á búlgarska lyfjadreifingarfyrirtækinu **Higia** AD.

Jón Helgi Guðmundsson, kenndur við Byko, opnar aðra Depó-verslun í Ríga í Lettlandi. Þeim verslunum svipar til verslana Byko á Íslandi.

**Stefnt er að því að opna þriðju verslunina næsta vor.**

*Jón Helgi Guðmundsson í Byko 14. september.*

Forstjóri **Samkeppniseftirlitsins** er vanhæfur til að fjalla um samruna Straums og Burðaráss þar sem hann er hluthafi í Burðarási.

Kosin er ný stjórn Símans og Lýður Guðmundsson, annar Bakkabræðra, tekur við stjórnarformennsku. **Árdegi**, Baugur og Milestone kaupa saman dönsku raftækjakeðjuna Merlin. Sverrir Berg á Árdegi og Karl Wernersson Milestone.

Vátryggingarfélag Íslands festir kaup á tæpum tíu prósenta hlut í norska tryggingafélaginu Protector Forsikring.

**Latibær** mun ná til 57 milljón sjónvarpsáhorfenda BBC á Bretlandi eftir samningur um sýningu þáttanna þar í landi var undirritaður.



**ENGIN LETI** Magnús Scheving er duglegur að koma Latabæ á kortið og gerir góðan samning við BBC um dreifingu á efninu.



**Á BREMSUNA** Birgir Ísleifur Gunnarsson varar markaðsaðila við of miklum verðbólguvæntingum. Hækkar hann vextina um 0,75 prósent á sínum næstsíðasta degi sem Seðlabankastjóri.






# Sendum okkar bestu þakkir

Samskip óska landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs
og þakka samstarfið á árinu sem er að líða.

Sérstakar þakkir til þeirra sem samglöddust okkur
yfir nýjum höfuðstöðvum í Kjalarvoginum í upphafi ársins.

ARGUS / 05-0797

**SAMSKIP**

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is



**STÓRA STUNDIN** Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, opnar tilboð í Símann. Skipti ehf. býður hæst, alls 66,7 milljarða króna.

### OKTÓBER

Fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, leggur fram fjárlagafrumvarp fyrir árið 2006. Í fyrsta sinn er gert ráð fyrir að vaxtagjöld verði lægri en vaxtatekjur.

Stjórnendur Landsbankans sniðgengu hluthafa Grettis þegar ný stjórn Burðaráss var kosin. Landsbankinn er ekki meirihlutaeigandi í Gretti. Aðrir hluthafar eru Tryggingamiðstöðin, fjárfestingarfélagið Sund og **Nordic Partners**. Mistökum kennt um.

Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti um 0,75 prósent. Verðbólga er fyrir ofan þolmörkin og **Birgir Ísleifur Gunnarsson** slær í borðið. Hann vill ná verðbólgunni niður.

**Seðlabankinn telur brýnt að peningastefnan standist þessa prófraun.**
*Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri 5. október.*

Árni Oddur Þórðarson tekur við stjórnarformennsku í Marel. Sigurjón Sighvatsson kaupir í danska fasteignafélaginu VG Investment.

Skuldabréfaútgáfa erlendis í íslenskum krónum heldur áfram. Í heild hafa verið gefin út skuldabréf erlendis fyrir um áttatíu milljarða íslenskra króna.

Svava Johansen kaupir hlut Bolla Kristinssonar í verslunarkeðjunni **NTC** og á því fyrirtækið á fullu. NTC er ein stærsta tískuverslanakeðja landsins og rekur meðal annars fjórtán verslanir í Kringlunni, við Laugaveginn og í Smáralind.

Þórólfi Árnasyni er sagt upp störfum sem forstjóri Icelandic Group. Uppsögn Þórólfs kemur í kjölfar þess að Straumur, Landsbankinn og fleiri selja yfir helming hlutafjár í Icelandic.

**Mér var birt bréf af lögmanni um klukkan hálf sex og gert að ljúka störfum án tafar.**
*Þórólfur Árnason, fráfarandi forstjóri Icelandic Group, 15. október.*

Bakkavör Group kaupir fyrirtækið **Hitchen Foods** fyrir 4,7 milljarða króna. Það framleiðir ferskt niðurskorið grænmeti og salat.

FL Group og Fons eignarhaldsfélag, þar sem Pálmi Haraldsson er annar eigenda, undirrita samning um sölu flugfélagsins Sterling til FL Group. Fær félag Pálma 15 milljarða króna fyrir félagið. Iceland Express fer í söluferli.

**Ragnhildur Geirsdóttir** hættir sem forstjóri FL Group eftir aðeins nokkurra mánaða starf. Hannes Smárason tekur við starfi forstjóra en Skarphéðinn Berg Steinarsson verður stjórnarformaður.

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson tekur við forstjórastarfi annars brottrekins forstjóra, Þórólfs Árnasonar, í **Icelandic Group**. Ármann Þorvaldsson verður forstjóri KB banka í Bretlandi.

### NÓVEMBER

Sænska fjármálaeftirlitið áminnir Kaupþing banka í Svíþjóð fyrir meðferð á eignarhlutum í tveimur sjóðum bankans.

Síminn er afskráður úr Kauphöll Íslands. 162 af 1.252 hluthöfum Símans taka tilboði Skipta. Lýður Guðmundsson stjórnarformaður er ánægður að svo margir vildu halda áfram með þeim.



**MAÐUR SAMKEPPNINNAR** Gylfi Magnússon, prófessor í Háskóla Íslands, er skipaður formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

Hagnaður viðskiptabankanna þriggja á fyrstu níu mánuðum ársins nam um 66 milljörðum króna.

Sjö stjórnendur hjá KB banka ákveða að nýta sér kauprétt á hlutum í bankanum. Markaðsvirði hlutanna er um 929 milljónir króna.

Icelandic Group kaupir **Pickenpack**, þýskt fyrirtæki sem framleiðir frystar sjávarafurðir. Kaupverðið er 5,5 milljarðar króna.

**Síðan unnum við nótt sem nýtan dag til að ná þessum samningum.**
*Gunnlaugur S. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Icelandic Group, 2. nóvember.*



**MOSAIC FASHION** Breskt tískufyrirtæki sækir um skráningu í Kauphöll Íslands. Tískusýning haldin á skautasvellinu í Laugardal af því tilefni.



**LYFJAFORSTJÓRAR** Róbert Wessman, forstjóri Actavis, og Divya Patel, forstjóri Amide, voru fulltrúar sinna fyrirtækja í samningaviðræðunum. Fór svo að Actavis keypti bandaríska samheitalyfjafyrirtækið Amide.



**NÝR Í SEÐLABANKANUM** Davíð Oddsson er skipaður formaður bankastjórnar og seðlabankastjóri til sjö ára.



**ÍRLAND NUMIÐ** Bankastjórar Landsbankans halda áfram kaupum á verðbréfafyrirtækjun. Nú var það Merrion Capital sem varð fyrir valinu.

TILBOÐS DAGAR

# ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

# SKRIFSTOFUTÆKI

*sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri*

## Framúrskarandi faxtæki fyrir fjölskyldur og fyrirtæki

SKERPAN KEMUR FRÁ SHARP®



**SHARP UX-P410**
- Faxtæki/sími
- Hitafilmuprentun
- 50 blaða pappírsbakki
- 10 blaða arkamatari
- 448Kb móttöku minni (24bls)

**Tilboðsverð:**
**Kr. 12.900 m/vsk**



**SHARP FO-3150**
- Faxtæki
- Laser prentun
- 200 blaða pappírsbakki
- 20 blaða arkamatari
- 1,8 Mb móttöku minni (100bls)

**Tilboðsverð:**
**Kr. 39.900 m/vsk**



**SHARP FO-5900**
- Faxtæki
- Laser prentun
- 250 blaða pappírsbakki
- 50 blaða arkamatari
- 2 Mb móttöku minni (125 bls)

**Tilboðsverð:**
**Kr. 99.900 m/vsk**

## Hágæða prentarar og ljósritunarvélar fyrir allar stærðir fyrirtækja

Áratuga þróun hefur skipað SHARP prenturum/ljósritunarvélum í fremstu röð um heim allan.
SHARP prentarar/ljósritunarvélar er lausnin fyrir krefjandi þarfir skrifstofunnar.
Mikið úrval véla fyrir allar stærðir fyrirtækja.



**SHARP AL-1552**
Prentari/skanni/ljósritunarvél
**Tilboðsverð**
**kr. 49.900**



**SHARP AR-M 550/620/700**
**Ljósritunarvél/Prentari/Skanni/Fax**

- 55 / 62 / 70 eintök á mínútu
- A3 stærst A5R minnst
- Minnkun & stækkun 50%-400%
- Sjálvirk lýsing afrita
- Frumritamatari 150 blöð
- 40Gb harður diskur
- 100 blaða framhjámatari
- Pappírsgeymsla lágmark 3.100 hámark 6.600 blöð
- 1200 x 600 punkta upplausn
- Snúningsbúnaður afrita
- Hægt að vista allt að 30.000 blöð í vélinni.

**Aukabúnaður:**
- Netkort (AR-M550)
- Faxbúnaður G3, modem hraði 33,600 bps, hægt að senda beint á netfóng
- Skönnun allt að 600 punkta upplausn
- 3500 blaða pappírsgeymsla
- Raðari (með eða án heftunar)
- Gatari
- PostScript letur
- Strikamerkjaletur
- Data security kit
- Inserter

## Sterkir og skýrir SHARP skjávarpar

**Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum**



**SHARP PG-B10S**
- Skjávarpi
- Birta: 1200 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Þyngd: 2.9 kg

**Tilboðsverð:**
**Kr. 84.900 m/vsk**
**3ja ára ábyrgð**



**SHARP XR-10X**
- Skjávarpi
- Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: XGA 1024 x 768
- Þyngd: 3.9 kg

**Tilboðsverð:**
**Kr. 119.900 m/vsk**
**3ja ára ábyrgð**

## Öruggar og þægilegar sjóðvélar



**SHARP ERA-220**
- Sjóðvél
- 15/30 vöruflokkar
- Allt að 500 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími
- Hitaprentun
- Íslenkur strimill
- Rafrænn innri strimill
- Mjög fyrirferðalítil skúffa

**Tilboðsverð:**
**Kr. 34.900 m/vsk**



**SHARP ERA-410**
- Sjóðvél
- 20/99 vöruflokkar
- Allt að 1800 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími
- Hitaprentun
- Íslenkur strimill

**Tilboðsverð:**
**Kr. 54.900 m/vsk**

## Reiknaðu rétt með SHARP



**SHARP EL-2901RH**
- 12 stafa ljósaborð
- Rauður mínus
- Flýtileiðrétting á innslætti
- Uppsöfnunarteljari (GT)
- Innsláttarteljari
- Álagningartakki (MU)
- Stærð 193 x 256 x 63

**Tilboðsverð:**
**Kr. 6.990 m/vsk**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

www.ormsson.is

**Þú gengur að gæðunum vísum...**


**NÝIR VENDIR** Ný stjórn kjörin í FL Group eftir að hluthafahópurinn breyttist og margir sögðu sig úr stjórninni. Nýir fjárfestar koma inn.

Órói í kringum félög, sem Ólafur Ólafsson í Samskipum stjórnar, Keri og **Festingu**, minnkar. Sátt næst í Festingu og Straumur selur hluta sinn í Keri.

Vátryggingafélag Íslands kaupir 54 prósenta hlut í breska tryggingafélaginu IGI Group. VÍS hefur einnig tryggt sér forkaupsrétt á 21 prósenti til viðbótar.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins er að aðhafast ekkert í máli **Serafin Shipping**, sem eignaðist yfir fimm prósenta hluta í Icelandic Group í skiptum fyrir hlut sinn í Sjóvík.

Baugur er langt kominn með kaup á skartgripakeðjunni MW Group. Kaupverðið er rúmir tveir milljarðar króna.

Landsbankinn hækkar vexti af íbúðalánum sínum úr 4,15 prósentum í 4,45 prósent.

Styrmir Þór Bragason fær kaupréttarsamninga gerða upp við sig í **Atorku** og gengur út með 160 milljónir króna.

Baugur og Hannes Smárason eru eru stærstu hluthafar í FL Group eftir hlutafjárútboð og eiga um helming hlutafjár. Alls seldi félagið hlutafé fyrir 44 milljarða króna.


**Í FJÖLMIÐLA** Ólafur Jóhann Ólafsson bauð í Símann en endaði á að kaupa hlut í Morgunblaðinu ásamt Straumi.

Landsbankinn eykur umsvif sín með kaup á írska verðbréfafyrirtækinu **Merrion Capital.** Bankinn er með starfsemi í tólf löndum.

**Við erum bara rétt að byrja.**

*Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, 17. nóvember.*

Ólafur Jóhann Ólafsson og Straumur - Burðarás kaupa um 34 prósent hlut í útgáfufélagi **Morgunblaðsins**. Ólafur Jóhann sest ekki í stjórn Moggans.

Íslandsbanki kaupir norska fjármálafyrirtækið **Norse Securities**. Daginn áður hækkar Íbúðalánasjóður vexti sína og tekur upp valkvæða vexti; með eða án uppgreiðslugjalds.

**DESEMBER**

Samkvæmt stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar fór **Íbúðalánasjóður** ekki á svig við lögin þegar hann keypti lánasamninga fjármálastofnana. Samt hefði mátt vanda upplýsingagjöf.

ISUZU D-MAX
ISUZU




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



Fáir bílar hafa sannað sig eins vel við íslenskar aðstæður og Isuzu. Þessi sterki og þrautseigi bíll er nú kominn í nýjan og glæsilegan búning. Hann vekur athygli hvert sem hann fer en virðist alltaf passa inn í umhverfi sitt, sama hversu gróft það er.

D-Max var valinn Pick-up ársins 2005 af "4x4 Magazine" og hlaut gullverðlaun tímaritsins "What Van" 2004.

Komdu til okkar og kynnstu nýjum Isuzu D-MAX.



**Staðalbúnaður í D-MAX:** Vökva- og veltistýri, tveir öryggisloftpúðar, rafdrifnar rúður, útvarp og geislaspilari, snúningshraðamælir, samlæstar hurðir með fjarstýringu, stokkur á milli framsæta, höfuðpúðar í aftursæti, fimm þriggja punkta bílbelti, loftkæling, ABS hemlakerfi, álfelgur, brettakantar, kastarar í framstuðara, leðurklætt stýrishjól, rafstýrðir útispeglar.

Isuzu D-Max, Crew Cab (4 dyra), sjálfskiptur, 3.0 l. dísil.

2.590.000,-

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Lausnir í takt við þarfir þínar



Við byggjum á fólki og færni!

ANZA býður upp á ýmsar lausnir fyrir fyrirtæki og tölvudeildir þeirra. Má þar nefna samþættingu milli forrita ásamt innleiðingu og aðlögun hugbúnaðar.

ANZA býður upp á enn fleiri þjónustuþætti. Kynntu þér Lausnir, Rekstur, Öryggi og Sérþekkingu á heimasíðu okkar www.anza.is eða í síma 522 5000.

ANZA sérhæfir sig í rekstri og uppbyggingu tölvukerfa. Hvort sem það er á sviði öryggismála, samspils forrita, útivistunar eða tölvustýringar getur þú reitt þig á hugvit, hæfileika og færni starfsfólks ANZA.

ARGUS / 05-0721

ANZA
• Öruggur rekstur tölvukerfa



**STJÓRNENDUR HAGNAST** Stjórnendur KB banka og Íslandsbanka hagnast á viðskiptum með bréf í eigin félögum.

**Royal Bank of Scotland** lýsir yfir áhyggjum af því að KB banki sé mjög háður lánsfjármörkuðum um fjármögnun. KB banki heldur íbúðalánavöxtum óbreyttur, einn fjármálastofnana.

Forsvarsmenn Atorku Group skammast yfir greiningardeild KB banka sem sögðu tilboð Atorku í **Jarðboranir** of lágt miðað við verðmæti félagsins.

**Við skiljum ekki þær forsendur sem KB banki gefur sér.**

*Magnús Jónsson forstjóri Atorku Group 1. desember.*

**Novator**, eignarhaldsfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur eignast allan hlut Viva Ventures í búlgarska símanum BTC.

Össur kaupir breska stuðningstækjafyrirtækið **IMP** fyrir 1,2 milljarða króna og tekur þegar við rekstrinum.

Kögun kaupir bandarískt hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og innleiðingu á viðskiptahugbúnaði frá Microsoft.

**Verðbréfastofan** fær leyfi Fjármálaeftirlitsins til að stunda lánastarfsemi. Breytist fyrirtækið úr því að vera verðbréfafyrirtæki í að vera fjárfestingabanki.

Feðginin Jón Helgi Guðmundsson og Steinunn Jónsdóttir kaupa nýtt hlutafé í fjárfestingarfélaginu **Eyri Invest.** Hluthafahópur félagsins breikkar.

Hluthafar Símans samþykkja samruna við Skipti og **Íslenska sjónvarpsfélagið**. Stjórnin fær heimild til að auka hlutafé til að nota við kaup á fyrirtækjum. Starfsheimildir Símans eru verulega rýmkaðar.

**Við hyggjumst leita að tækifærum erlendis líka.**

*Brynjólfur Bjarnason forstjóri Símans 21. desember.*

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Salsa með Heiðari



Þetta er fríði hópurinn sem hjálpar Heiðari við Salsakennslu í Havana



Þetta eru Erla Haraldsdóttir og Harpa Pálsdóttir ásamt hinum frábæra og fræga Salsakennara Erodys sem tók þær og Heiðar í nokkra einkatíma



Það dansa allir á Kúbu og aldurinn skiptir ekki máli.

*Kennarar á námskeiðinu verða:*
**Heiðar Ástvaldsson**
**Harpa Pálsdóttir**
**Erla Haraldsdóttir** en þau hafa öll oftar en einu sinni verið á námskeiðum á Kúbu og meðal annars á Listaháskólanum í Havana.
**Juan Alberto Borges** frá Kúbu

**Kúbufarar** sérstaklega velkomnir á sérstakt Kúbufaranámskeið, þar sem við förum yfir öll sporin, sem við lærðum í Havana og bætum við eftir þörfum.

Ath.
Kennum einnig **samkvæmisdansa** fyrir börn, unglinga, fullorðna og keppnisfólk.

- **Freestyle, Hip Hop**



- **Konusalsa byrjendur og framhald**
- **Námskeið í Salsa fyrir pör og einstaklinga**
- **Salsa fyrir unglinga**



**10 nemendur fá 10% afslátt af ferð með Úrval Útsýn til Kúbu 23. mars og aðrir 10 fá 10% afslátt af ferð til Kúbu 3. apríl og geta þá eytt einum degi í Salsa með Heiðari.**

**Innritun daglega í síma 551 3129 kl. 16 til 22**
**Heiðar sími 896 0607**
**E-mail: heidarast@visir.is**

Kennslan hefst mánudaginn 9. janúar.

DANSSKÓLI HEIÐARS ÁSTVALDSSONAR
Reykjavík Mosfellsbæ

### Rannveig Rist forstjóri Alcan á Íslandi

# Ár andstæðna og einkavæðingar

Ársins 2005 verður minnst sem árs mikilla andstæðna hjá Alcan í Straumsvík. Rekstur álversins hefur á þessu ári að mörgu leyti gengið vel, en rekstrarumhverfið verið óhagstætt. Þannig verður framleiðslan á árinu meiri en nokkru sinni fyrr og álverðið það hæsta um árabil. Á hinn bóginn hefur lágt gengi dollarans valdið miklum vandræðum og í mörgum tilfellum jafnað út góðan árangur, því allar tekjur fyrirtækisins eru í dollurum. Þá hefur innlendur kostnaður hækkað mikið af ýmsum ástæðum; kostnaður við flestar framkvæmdir hefur farið fram úr áætlunum og launakostnaður hefur verið í sögulegum hæðum, bæði út af gengi dollars og kjarasamningi sem gerður var snemma á árinu og hefur kostað töluvert meira en áætlað var.

**Síðsumars lauk stærsta einkavæðingarverkefni Íslandssögunnar, Þegar gengið var frá sölu símanns**

En þrátt fyrir allt er vissulega betra að tæknilega gangi verksmiðjan vel heldur en illa þegar ytri aðstæður eru óhagstæðar. Þannig er ljóst að við værum í miklum vandræðum ef tæknilegur rekstur væri slakur, hvort sem það varðaði framleitt magn eða aðra mælikvarða.

En það eru ekki aðeins tæknilegir mælikvarðar sem hafa vakið á okkur athygli, því á þessu ári höfum við fengið viðurkenningar sem allir starfsmenn geta verið stoltir af. Þar ber hæst Íslensku gæðaverðlaunin 2005 og í haust fengum við afhent Fjöreggið, viðurkenningu frá Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands fyrir góðan árangur á því sviði. Klapp á bakið úr þessari átt er ómetanlegt og gefur skýrar vísbendingar um að margir líta á okkur sem fyrirmynd annarra.

Vinna vegna stækkunar álversins komst á rekspöl á árinu; samið var um hluta þeirrar raforku sem þarf fyrir stækkaða verksmiðju og þreifingar eru í gangi um það sem upp á



**RANNVEIG RIST FORSTJÓR ALCAN Á ÍSLANDI** Fyrirtækið væri í miklum vandræðum ef tæknilegur rekstur væri slakur, segir Rannveig.

vantar. Vonir standa til að þessu langa ferli geti lokið á næsta ári, enda er það langt komið.

**SÍMINN SELDUR FYRIR METFÉ**

Síðsumars lauk stærsta einkavæðingarverkefni Íslandssögunnar, þegar gengið var frá sölu Símans. Salan markaði í senn endalok mikils óvissutíma og upphafið að einhverju nýju. Við sem sátum í stjórn fyrirtækisins vorum stolt yfir því mikla trausti sem margir áhugasamir kaupendur sýndu fyrirtækinu og verðinu sem fékkst fyrir það. Salan sýndi svart á hvítu, að markaðurinn kunni að meta þá vinnu sem frábær hópur starfsfólks hafði innt af hendi – oft undir harkalegri, opinberri og stundum ósanngjarnri gagnrýni.

Sala fyrirtækisins skapaði Símanum að ýmsu leyti eðlilegra viðskiptaumhverfi en verið hafði um nokkurt skeið. Starfsfólkið hefur aðlagast breyttum aðstæðum fljótt og á næsta ári er viðbúið að eigendur og starfsmenn fái meira næði til að treysta fyrirtækið enn frekar í sessi. Nýir eigendur fyrirtækisins hafa farið mjög vel af stað og ég bind miklar vonir við enn frekari uppgang þessa öfluga fyrirtækis. Gleðileg jól og farsælt komandi ál.

### Pálmi Haraldsson

# Sterling stendur upp úr

„Það sem stendur helst upp úr á árinu sem er að líða, eru kaupin á danska flugfélaginu Sterling í byrjun ársins sem leiddi síðan til kaupa á Maersk-air. Við þá sameiningu varð til fjórða stærsta lággjaldaflugfélag Evrópu,“ segir Pálmi Haraldsson um kaupin á Sterlning og Mærsk sem dómnefnd Markaðarins útnefndi viðskipti ársins.

**Einnig hafa kaupin á Iceland-keðjunni verið ævintýri líkust. Við höfum allir lagst á eitt sem stóðum að þessari fjárfestingu og hefur viðsnúningur rekstrarins farið fram úr okkar björtustu vonum**

Pálmi var með fleiri járn í eldinum. Einnig hafa kaupin á Iceland-keðjunni verið ævintýri líkust. Við höfum allir lagst á eitt sem stóðum að þessari fjárfestingu og hefur viðsnúningur rekstrarins farið fram úr okkar björtustu vonum.

**SPENNANDI VERKEFNI FRAMUNDAN**

„Auðvitað hafa önnur mörg spennandi verkefni verið í gangi þó svo að þessi hafi verið stærst og tímafrekust.

Það hefur verið mikið að gera þetta árið og eflaust margt í smíðum fyrir það næsta. Ég hef sett mér það markmið að draga úr vinnu á nýju ári þó að ég standi eflaust ekki við það frekar en um síðustu áramót. Ég á mér þá von að fjölmiðlar hætti persónulegum árasum á fólk



**PÁLMI HARALDSSON FJÁRFESTIR** Pálmi segir að viðsnúningur í rekstri Iceland hafi farið fram úr björtustu vonum.

og virði einkalíf þeirra sem eru í eldlínunni þó að vissulega sé málefnaleg gagnrýni og aðhald af hinu góða.“

Útrásin er fjarri því hætt. „Það eru mörg spennandi verkefni í farvatninu og þá sérstaklega í Bretlandi. Ég á von á því að íslenskir fjárfestar eigi eftir að halda áfram að hasla sér völl í Bretlandi og það verði framhald á velgengni íslenskra fjárfesta þar,“ segir Pálmi Haraldsson.



**ÞÓRÐUR MAGNÚSSON OG ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON AÐALEIGENDUR EYRIR INVEST** Árni segir að ýmis merki séu um fjármálalegan óstöðugleika og mönnum beri að fara varlega til að treysta þann ávinning sem náðst hefur.

### Árni Oddur Þórðarson forstjóri Eyris

# Árið 2005 er mikið uppskeruár

Á árinu 2005 fagnar Eyrir fjárfestingarfélag 5 ára afmæli og geri ég því ósjálfrátt upp síðustu 5 ár sem og árið í heild við þessi áramót. Efnahagskerfi heimsins varð fyrir nokkru áfalli á árunum 2000-2001 eftir mikinn uppgang í áratug þar á undan. Í ljós kom að verðlagning verðbréfa um heim allan innibyggðu væntingar sem ekki fengju staðist og fjármálamarkaðir hrundu. Í stað þess að leggjast í kör ákváðu forystumenn íslenskra fyrirtækja að sækja fram. Krafturinn í atvinnulífinu hefur verið með ólíkindum og ráðist hefur verið í mörg stór og ögrandi verkefni síðustu ár sem nú eru farin að skila sér í breiðari og traustari tekjumyndun hjá fyrirtækjum landsins sem er til hagsbóta fyrir hluthafa, starfsmenn, viðskiptavina þessara fyrirtækja svo og samfélagið allt sem fær auknar skattgreiðslur þegar vel árar.

Mörg hinna stærri fyrirtækja landsins ákváðu að treysta fjárhagsstöðu sína og afla sér fjár til frekari vaxtar. Grunnurinn af hinum sterka fjármálamarkaði hér á landi er annars vegar ungt vel menntað fólk og hins vegar styrkar stoðir lífeyrissjóðakerfis okkar sem á sér ekki samjöfnuð.

**FJÁRHAGUR TREYSTUR**

Við hjá Eyri fjárfestingarfélagi breyttum nafninu í Eyri Invest á árinu til að undirstrika nokkuð breyttar áherslur. Hlutabréf í Marel og Össuri eru nú skilgreindar sem langtímaeignir og aukin áhersla er lögð á erlenda hlutabréfamarkaði. Með breyttum áherslum jókst enn þörf á að auka við þekkingu hjá Eyri og fjölgaði starfsmönnum félagsins. Á árinu treystum við jafnframt fjárhag félagsins með tvennum hlutafjárútboðum, skuldabréfaútgáfu og góðri arðsemi félagins og má því segja að árið hafi verið gjöfult.

Helstu verkefni framundan hjá Eyri eru að styðja Össur og Marel til enn frekari vaxtar á komandi árum. Bæði Marel og Össur eru mjög vel undir það búin að ráðast í frekari ytri vöxt. Það er ekki síður mikilvægt að þau hafa í sínum hluthafahópi öfluga bakhjarla sem eru tilbúnir til að styðja þann vöxt. Fyrir mig persónulega var ánægjulegt að taka við stjórnarformennsku í Marel og hlakka ég mikið til verkefna þar framundan. Okkar sýn í Eyri er að einungis þau fyrirtæki sem komast í markaðsleiðandi stöðu á heimsvísu geti til langframa skapað verulegan hagsauka fyrir hluthafa, viðskiptavini og starfsmenn.

**BLIKUR Á LOFTI**

Ýmissa merkja um fjármálalegan óstöðugleika er þó farið að gæta hér á landi og því ber að fara varlega á næstu misserum og treysta þann ávinning sem náðst hefur, fremur en að sækja fram með stöðugt meiri hraða. Glannaleg einkaneysla sem fjármögnuð er af ríkistryggðu lánaapparati er ekki góð búvísindi. Til að slá á þá þenslu hefur Seðlabankinn kosið að hækka vexti sem hefur snarreist gengi krónunnar sem þrengir að útflutningsgreinum okkar en hvetur til aukinnar neyslu á innfluttum neysluvarningi. Samtímis þessu hafa sveitarfélög stóraukið skattheimtu sína á hendur fyrirtækjum. Þannig hafa rekstrarskilyrði fyrirtækja versnað nokkuð hér á landi í samanburði við hin nýju ríki í Mið-Evrópu.

Á heildina litið er bjart framundan í íslensku atvinnu- og þjóðlífi og munum við enn færast fram á veginn. Þegar upp er staðið eru málefni fjölskyldunnar mikilverðust og fyrir mig var stærsta stund ársins að sjálfsögðu fæðing dóttur minnar sem ég hlakka til að sjá þroskast og eflast á næstu árum.

**Einungis þau fyrirtæki sem komast í markaðsleiðandi stöðu á heimsvísu geti til langframa skapað verulegan hagsauka fyrir hluthafa, viðskiptavini og starfsmenn**



Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



**ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON FORSTJÓRI STRAUMS** Þórður telur horfurnar góðar fyrir fjármálafyrirtækin en það byggist á því að vel takist til með aukna starfsemi erlendis.

**Þórður Már Jóhannesson forstjóri Straums**

# Undirstöður fjármálafyrirtækja sterkar

Árið 2005 var einstaklega hagfellt bankanum og hluthöfum hans. Árið einkenndist ennfremur af frekari uppbyggingu Straums-Burðaráss sem sérhæfðs fjárfestingabanka en nú um áramótin eru tvö ár frá því að Straumur-Burðarás fékk fjárfestingabankaleyfi. Flestir þeir markaðir sem bankinn byggir afkomu sína á hækkuðu umtalsvert og þá sérstaklega á Íslandi.

**SAMRUNI STRAUMS OG BURÐARÁSS**

Það sem markverðasta á árinu hjá bankanum er án efa samruni Straums og Burðaráss. Við samrunann varð til enn öflugri og samkeppnishæfari fjárfestingabanki með sterka fótfestu bæði á Íslandi og erlendis. Fjárhagslegur styrkur bankans eykur tækifæri til sóknar en eigið fé bankans og heildareignir ríflega tvöfölduðust við samrunann. Innlendur fjármagnsmarkaður efldist til mikilla muna á árinu sem hefur leitt af sér enn skilvirkari verðmyndun á markaði. Velta í Kauphöllinni hefur aldrei verið eins mikil og árinu.

**NÝTA STYRK TIL FREKARI VAXTAR**

Ég er bjartsýnn á komandi ár fyrir bankann en þróun alþjóðlegra fjármálamarkaða mun ráða umtalsverðu um þróunina á næsta ári. Markmið okkar verður að auka þátttöku í verkefnum erlendis, styðja við sókn viðskiptavina bankans erlendis og nýta þann styrk sem býr í bankanum til frekari vaxtar. Jafnframt hefur bankinn tilkynnt um áform um opnun skrifstofu í Kaupmannahöfn sem mun styrkja enn frekar stoðir bankans en það er afleiðing mikilla umsvifa bankans þar á síðustu tveimur árum.

**SKAPA TRÚVERÐUGAN SESS**

Almennt tel ég horfurnar góðar fyrir fjármálafyrirtækin en það byggist á því að vel takist til með aukna starfsemi erlendis og að skapa fyrirtækjunum trúverðugan sess. Undirstöður innlendu fjármálastofnananna eru sterkar, bankarnir orðnir alþjóðlegri og tekjumyndun þeirra hefur breikkað.

Það er mikill kraftur í efnahagslífinu um þessar mundir en jafnframt nokkur hættumerki. Því er mjög mikilvægt að efnahagstjórnun verði trúverðug og aðhaldsöm þar sem viðskiptahallinn er mikill, eignaverðshækkanir hafa verið miklar og staða krónunnar er mjög sterk.

**Innlendur fjármagnsmarkaður efldist til mikilla muna á árinu sem hefur leitt af sér enn skilvirkari verðmyndun á markaði**

**Karl Wernersson stjórnarformaður Milestone ehf.**

# Bjartsýni og kraftur einkennandi

Árið 2005 var afar viðburðaríkt og að sama skapi árangursríkt fyrir Milestone ehf. Félagið hefur verið í lykilhlutverki í umbreytingum á íslenskum fjármálamarkaði. Í lok ársins fer félagið með virkan hlut í Íslandsbanka og í Sjóvá og hefur sérstöðu að þessu leyti. Jafnframt hefur félagið og tengd félög staðið að og tekið þátt í fjárfestingum í Bretlandi, Danmörku, Króatíu, Rúmeníu og Þýskalandi.

**ÁRÆÐNI ÍSLENDINGA VAKIÐ ATHYGLI**

Almennt hefur framgangur íslenskra fyrirtækja bæði innanlands og kannski ekki síður erlendis vakið aðdáun og eftirtekt. Athafnasemi Íslendinga virðast fá takmörk sett. Í stórum dráttum virðist sem flest þeirra verkefna sem ráðist hefur verið í hafi gengið vel hvort sem um hefur verið að ræða fjárfestingar í smásölu, útrás í matvælaiðnaði, fjárfestingar í lyfjaiðnaði eða uppbyggingu fjarskiptaþjónustu að ónefndum flugrekstri. Í alþjóðlegu samhengi hefur áræðni Íslendinga í viðskiptum vakið athygli og ljóst er að það er svolítið undir okkur sjálfum komið hvers konar orðstír við viljum byggja upp á erlendum vettvangi. Næstu ár mun ímynd okkar mótast og mikilvægt að við stöndum undir þeim væntingum sem við höfum byggt upp og til okkar eru gerðar.

**EIGIN STARFSREGLUR**

Ör þróun á markaði hefur jafnframt skapað aukna hvatningu á eftirlitsaðila sem eiga að leggja línurnar í samskiptum hins opinbera, einstaklinga og fyrirtækja. Spennandi verður að sjá hvernig þessum aðilum tekst til að móta sér stöðu en jafnframt að skapa fyrirtækjum og einstaklingum nægilegt svigrúm og tækifæri til athafna. Hér er hlutverk fyrirtækjanna sjálfra einnig mikið en við höfum tækifæri til að ganga á undan í ýmsum efnum, setja okkur eigin leiðbeiningar og starfsreglur. Samkeppnisstaða Íslands ræðst mikið af því hvernig til tekst í þessum efnum.

**SKATTAMÁL OFARLEGA Á BLAÐI**

Að sama skapi er mikilvægt að áfram verði unnið að því að skýra starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi. Það verður að vera eftirsóknarvert að stofna og reka fyrirtæki á Íslandi í alþjóðlegu umhverfi. Skattamál eru þar ofarlega á blaði en einnig er lykilatriði að hér sé ávallt hægt að laða til sín hæfasta fólk sem völ er á. Við erum einfaldlega í samkeppni við miklu stærri þjóðfélög og verðum að standa okkur. Þjóðfélagsumgjörðin þarf þar af leiðandi að vera aðlaðandi bæði fyrir fyrirtækin og fjölskyldurnar í landinu. Það er þó rétt að taka fram að hvað þetta varðar hefur okkur tekist afar vel til eins og dæmin sanna.

**AÐKOMA AÐ SJÓVÁ EITT ÞAÐ VIÐAMESTA**

Bjartsýni, kraftur og gleði hafa einkennt Íslendinga á árinu. Persónulega hef ég kynnst fjölmörgu nýju og góðu fólki. Aðkoma okkar að Sjóvá, öflugasta og traustasta tryggingafélagi landsins, var eitt af viðameiri verkefnum ársins. Þar hefur tekist að leiða saman kraftmikinn hóp nýrra einstaklinga við traust og reynslumikið starfsfólk félagsins. Í Sjóvá býr mikill metnaður og kraftur sem við bindum miklar vonir við.

**GETGÁTUR UM STÖÐU HLUTHAFA**

Hluthafamál í Íslandsbanka hafa verið í deiglunni á árinu eins og oft áður. Töluverð orka virðist hafa farið í getgátur fram og til baka um stöðu einstakra hluthafa eða hræringar í hópnum. Á sama tíma hefur bankanum gengið afbragðsvel bæði hér á landi og með markvissri útrás. Góð samstaða hefur verið í stjórn bankans um helstu áherslur og með breytingum sem orðið hafa á hluthafahópnum er útlit fyrir enn markvissari stuðning að þessu leyti.

**Það verður að vera eftirsóknarvert að stofna og reka fyrirtæki á Íslandi í alþjóðlegu umhverfi**



**KARL WERNERSON STJÓRNARFORMAÐUR MILESTONE EHF** Karl segir að það þurfi að vera eftirsóknarvert að stofna fyrirtæki á Íslandi, að Íslendingar séu einfaldlega í samkeppni við stærri þjóðfélög og þurfi að standa sig

**Skarphéðinn Berg Steinarsson Framkvæmdastjóri Baugs Group**

# Glötuð tækifæri

Baugi Group og félögum sem það er hluthafi í, hefur flestum gengið vel í viðskiptum á því ári sem er að líða, bæði hér heima og erlendis. Innanlands vil ég nefna tvö mál sérstaklega. Annars vegar að í fyrsta sinn eru fjölmiðlar reknir innan skráðs almenningshlutafélags með fullkomnu gegnsæi um rekstur og eignarhald. Allir geta nú kynnt sér hvernig fjölmiðlar á vegum 365 ganga og er það eina fyrirtækið á því sviði sem svo er ástatt um. Reksturinn hefur gengið vel og hagnaður góður. Hins vegar eru gríðarlega góðar undirtektir hlutabréfamarkaðarins við útboði á nýju hlutafé FL-group hf. nú í haust. Greinilegt er að markaðurinn hefur trú á framtíðarsýn forystu félagsins og vill taka þátt í að láta hana verða að veruleika.

**Það eru helst aðgerðir stjórnvalda sem maður óttast að geti sett strik í áframhaldandi sókn**

**ÞEKKT SEM ÖFLUGUR FJÁRFESTIR**

Í Danmörku hefur fjárfestingum Baugs fjölgað á árinu bæði í smásöluverslun og fasteignum. Er svo komið að Baugur er orðið þekkt þar í landi sem öflugur fjárfestir á þeim sviðum og oft nefnt sem mögulegur yfirtökuaðili þegar þannig fyrirtæki eru til sölu. Viðsnúningur Magasin du Nord og Merlin er á áætlun og rekstur Illum og Keops gengur vel. Góður arður hefur þegar orðið af fjárfestingum félagsins í Danmörku. Félagar okkar í Bretlandi hafa einnig verið í sókn þó að illvígar aðgerðir íslenskra yfirvalda hafi bitnað meira á þeim en okkur sem störfum hér á landi og í Danmörku. Öll höfum við þó þurft að hafa mikið fyrir að útskýra málstað fyrirtækisins með tilheyrandi óhagræði, kostnaði og glötuðum tækifærum.

**STÆKKANDI EFTIRLITSIÐNAÐUR**

Á nýju ári geri ég ráð fyrir áframhaldandi sókn okkar. Nóg er af tækifærunum og ég er sannfærður um að við munum áfram hafa gæfu til að notfæra okkur þau. Það eru helst aðgerðir stjórnvalda sem maður óttast að geti sett strik í áframhaldandi sókn. Fyrir utan það sem fyrr er nefnt þá hafa stjórnvöld viljað setja atvinnulífinu strangari skorður en áður hefur verið en hygla ríkisrekstri. Yfirvofandi fjölmiðlalög og sífellt stækkandi eftirlitsiðnaður eru dæmi um það. Ég vona að þar verði breyting á.



**SKARPHÉÐINN BERG FRAMKVÆMDASTJÓRI BAUGS GROUP** Skarphéðinn segir að Baugur sé orðið þekkt í Danmörku sem öflugur fjárfestir í smásölu og fasteignum.



**GUNNLAUGUR SÆVAR GUNNLAUGSSON** Gunnlaugur segir um Gunnar Felixson, fyrrverandi forstjóra, að ferill hans hjá TM sé einstakur.

### Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson stjórnarformaður Icelandic Group

# Einstakt fyrirtæki á veraldarvísu

Árið 2005 hefur verið viðburðaríkt og ánægjulegt. Flest þeirra fyrirtækja sem ég hef afskipti af hafa gengið í gegnum miklar breytingar á árinu og mun ég rekja hér í stuttu máli það helsta.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sameinaðist Sjóvík á fyrri hluta ársins og nafni félagsins var í kjölfarið breytt í Icelandic Group hf. Með þeirri sameiningu var undirstaða félagsins styrkt verulega. Íslensku verksmiðjurnar í Bandaríkjunum voru sameinaðar og félagið er nú mjög umfangsmikið í vinnslu og viðskiptum með fisk í Asíu. Nýgerð kaup á Pickenpack, Hussmann og Hahn í Þýskalandi munu síðan styrkja verulega stöðu félagsins í framleiðslu í Evrópu. Icelandic Group er einstakt fyrirtæki á veraldarvísu. Ekkert sambærilegt félag er til og býður stærðin upp á verulegt tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu. Enn var sú breyting á félaginu að meirihluti hlutafjár skipti um hendur og verða þrír aðilar kjölfesta í félaginu en það eru ISP hf. í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar og Sunds, Eimskip og að endingu Samherji. Allt eru þetta eigendur sem hafa þekkingu, áhuga og reynslu af rekstri tengdum sjávarútvegi. Er það félaginu dýrmætt á leið sinni til frekari vaxtar.

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN**

Forstjóraskipti urðu í Tryggingamiðstöðinni er Gunnar Felixson lét af störfum eftir áratuga farsælt starf í þágu félagins og við tók Óskar Magnússon. Það er ekki ofsögum sagt að ferill Gunnars hjá TM sé einstakur. Hann naut virðingar í starfi sínu og samband hans við viðskiptavini félagsins var einstakt. Hafði hann byggt félagið upp af öryggi og mikilli skynsemi í gegnum árin. Hafði Gunnar djúpan skilning á eðli tryggingareksturs. Óskar Magnússon hefur þegar sett svipmót sitt á félagið og hefur það gengið í gegnum töluverða endurnýjun og algjöra endurskipulagningu. Við hefur tekið góð blanda stjórnenda sem ýmist eru nýir í starfi hjá félaginu eða hafa unnið sig upp í starfi þar. Eru miklar vonir við það fólk bundnar. Straumur fjárfestingabanki seldi þriðjungs hlut sinn í félaginu á árinu og var stærsti kaupandinn Sund hf. Er það sérstakt fagnaðrefni fyrir Tryggingamiðstöðina að fá þá fjölskyldu til samstarf við stjórnun félagsins. Segja má að þrjár fjölskyldur leiði þetta merka tryggingafélag en það eru Guðbjörg Matthíasdóttir og fjölskylda, Gunnþórunn Jónsdóttir og fjölskylda og Geir Zöega og fjölskylda. Eitt eiga þessir aðilar sammerkt og það er stefnufesta og trúfesta við þau verkefni sem þau eiga aðild að.

**LÝSI FLYTUR**

Þáttaskil urðu í rekstri Lýsis hf. á árinu er tekin var í notkun ný verksmiðja félagsins í Örfirisey. Leysti sú verksmiðja af hólmi 60 ára gamla og úr sér gengna verksmiðju við Grandaveg. Hin nýja verksmiðja er án efa sú glæsilegasta sem til er. Hefur verið einstaklega ánægjulegt að fá að vera þátttakandi í endurreisn þessa merka félags og fylgjast með atorkusemi Katrínar Pétursdóttur og hennar öfluga samstarfsfólks. Félagið er orðið eitt af leiðandi fyrirtækjum í veröldinni í vinnslu á lýsisafurðum og hefur og hefur yfir að ráða þekkingu sem er einstök. Vöxtur í neyslu lýsisafurða er gríðarlegur og enginn véfengir hollustu vörunnar. Er því óhætt að segja að tímasetning á uppsetningu verksmiðjunnar hafi verið afar góð.

**Þáttaskil urðu í rekstri Lýsis hf. á árinu er tekin var í notkun ný verksmiðja félagsins í Örfirisey. Leysti sú verksmiðja af hólmi 60 ára gamla og úr sér gengna verksmiðju við Grandaveg**

**LOÐNUSTOFNINN ÁHYGGJUEFNI**

Horfur á árinu 2006 eru almennt í þessum rekstri þokkalegar. Helstu áhyggjuefnin eru þó staða loðnustofnsins og styrkur íslensku krónunnar. Við höfum nú séð loðnustofninn í góðu horfi í rúman áratug. Mikil óvissa er um stofnstærðina og menn spyrja eðlilega hvort lægð sé í nánd. Væri það mikið áfall ekki síst vegna þess að verð á loðnuafurðum er í sögulegu hámarki um þessar mundir. Merkilegt er hvernig íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa haldið sjó þrátt fyrir styrk krónunnar. Fer þó án efa að reyna á þolrifin hjá mörgum þeirra verði framhald á. Hátt verð á erlendum mörkuðum hefur þó heldur hjálpað til. Almennt séð hlýtur þó að gæta almennrar bjartsýni um þessi áramót en mjög verður að treysta á að hið opinbera bregðist hvergi í því að viðhalda hér stöðugleika og frelsi í viðskiptum sem er grunnforsenda gróskumikils atvinnulífs.




Verndum heyrn

Skoðaðu úrval af heyrnahlífum á www.66north.is/heyrn

66° NORÐUR

66°Norður - Miðhraun 10 - 210 Garðabæ - Sími: 535 6600 - Fax: 535 6601


### Lýður Guðmundsson forstjóri Bakkavarar

# Yfirtaka Bakkavör Group á Geest stendur upp úr

Það sem stendur upp úr hjá okkur á árinu er án efa yfirtaka Bakkavör Group á breska matvælafyrirtækinu Geest og svo kaup Exista, fjárfestingarfélagi sem er í meirihluta eigu okkar bræðra, á kjölfestuhlut í Símanum. Bæði fyrirtækin hafa trausta innviði, sterkt fjárstreymi og mikla vaxtarmöguleika. Þau endurspegla því vel þær áherslur sem við höfum ávallt haft að leiðarljósi í fjárfestingum okkar. Þá hefur áframhaldandi góður rekstur á KB banka verið okkur ánægjuefni.

**VELTA SEXFALDAST**

Eftir yfirtökuna á Geest erum við orðnir stærsti framleiðandi á ferskum tilbúnum matvælum í Bretlandi með um 28% markaðshlutdeild. Yfirtakan á Geest hefur í för með sér meira en sexföldun í veltu og eftir kaupin rekum við 40 verksmiðjur í fimm löndum með um 14.000 starfsmönnum. Við höfum komið auga á fjölmörg tækifæri þar sem ná má fram samlegðaráhrifum og nýta stærðarhagkvæmni. Búast má við frekari samþjöppun á breska matvælamarkaðnum, enda er tæplega 50% markaðarins enn í höndum margra smárra framleiðenda. Við ætlum hér eftir sem hingað til að leiða þá þróun. Á næsta ári fögnum við 20 ára afmæli Bakkavarar og ég er þess fullviss að við byggjum á góðum grunni til frekari sóknar.

**Eftir kaupin rekum við 40 verksmiðjur í fimm löndum með um 14.000 starfsmönnum**

**TÆKIFÆRI Í FJARSKIPTATÆKNI**

Á þeim tíma sem við höfum komið að rekstri Símans hef ég sannfærst enn betur um þau miklu tækifæri sem felast í hröðum framförum í fjarskiptatækni og sífellt aukinni notkun á möguleikum þeirrar tækni, t.d. á sviði afþreyingar. Við kaupin á Símanum var okkur gert að gefa öðrum hluthöfum kost á að selja hlut sinn í fyrirtækinu. Það var sérlega ánægjulegt að sjá hve fáir nýttu sér þann rétt en ákváðu í þess stað að sitja á vagninum með nýjum eigendum. Á næsta ári fagnar Síminn 100 ára afmæli og það er mér til efs að margir öldungar beri aldurinn jafn vel og Síminn gerir.

**BÆTT REKSTRARUMHVERFI**

Af öðrum málum vil ég nefna frumkvæði stjórnvalda, Viðskiptaráðs og fleiri aðila við að kanna leiðir til að bæta rekstrarumhverfi hér á landi. Í því sambandi má t.d. sérstaklega geta nefndar á vegum forsætisráðherra undir forystu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþing banka, sem fjalla á um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi og samkeppnishæfni landsins á því sviði. Ég er viss um að ef við vinnum skipulega að þessum málum og orðum fylgja gjörðir þá mun okkur farnast vel.



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON FORSTJÓRI BAKKAVARAR** Lýður segir að eftir yfirtökuna á Geest sé Bakkavör stærsti framleiðandi í ferskum tilbúnum matvælum í Bretlandi.


MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Sigurjón Árnason bankastjóri Landsbankans

# Kaup ársins nýtist til vaxtar



**SIGURJÓN ÁRNASON BANKASTJÓRI LANDSBANKANS** Sigurjón segir að það sé metnaðarmál Landsbankans að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að draga úr þenslu.

Árið 2005 var gríðarlega viðburðaríkt hjá Landsbankanum og sennilega viðburðaríkara en nokkuð annað í 120 ára sögu bankans.

Vöxturinn var feikilega mikill sem sést hvað best á því að í lok síðasta árs var Landsbankinn með starfsemi í tveimur löndum utan Íslands, Lúxemborg og Bretlandi. Nú eru hins vegar starfsmenn Landsbankans starfandi í tólf löndum, tíu í Evrópu og í Kanada og Bandaríkjunum. Í upphafi ársins störfuðu tæplega hundrað manns fyrir Landsbankann erlendis en um þessi áramót eru starfmenn okkar erlendis í kringum 640.

**En vöxturinn sem slíkur er ekki kappsmál nema að við séum að ávaxta pund okkar vel**

Félögin sem við höfum keypt í ár eru verðbréfafyrirtæki sem falla vel að sterkum þáttum í okkar eigin starfsemi á heimamarkaði og við sjáum fram á að geta aukið enn frekar alþjóðleg umsvif í bæði lánastarfsemi og fyrirtækjaráðgjöf. Nú þegar eru um fjórutíu prósent af undirliggjandi tekjum bankans frá útlöndum og sama hlutfall af heildarútlánum eru utan Íslands.

### MÖGULEIKAR ERLENDIS

Með því að eignast Teather & Greenwood í Bretlandi, Kepler Equities á meginlandi Evrópu, og Merrion í Írlandi höfum við eignast stökkpall til að auka enn þjónustuna til fyrirtækjakúnna og fagfjárfesta og eins sjáum við möguleika á því að fjölga verulega í alþjóðlegum viðskiptamannahópi okkar. Á næsta ári verður meginverkefni okkar að samþætta þá starfsemi sem við höfum eignast og tryggja að kaupin sem gerð hafa verið á árinu nýtast til áframhaldandi vaxtar Landsbankans.

### FYRST OG FREMST INNRI VÖXTUR

Til þess að sjá vöxt bankans í einhverju samhengi er hægt að benda á að efnahagur bankans var 278 milljarðar í árslok 2002 en vöxtur bankans á fyrstu níu mánuðum ársins var 400 milljarðar króna. En vöxturinn sem slíkur er ekki kappsmál nema að við séum að ávaxta pund okkar vel og ég er klár á því að við munum halda áfram að skila mjög góðri arðsemi á eigið fé og hluthöfum okkar góðri ávöxtun. Eins er það áhugavert að í tilviki Landsbankans er vöxturinn hingað til fyrst og fremst innri vöxtur en ekki keyptur.

Mér finnst alveg nauðsynlegt um áramótin að geta horft bjartsýnum augum til næsta árs og það gerum við í Landsbankanum. Það eru auðvitað blikur á lofti og ójafnvægi í íslenskum efnahagsmálum en mér sýnist að mikilvæg fyrirtæki hafi haft fyrirhyggju til þess að dreifa áhættu sinni og rekstri til þess að vera ekki of háðir aðstæðum innanlands.

### VANDI ÚTFLUTNINGS

Gengi krónunnar er mjög sterkt, með tilheyrandi vanda fyrir útflutningsfyrirtækin, vextir eru háir og heimilin skulda sífellt meira. Við þessar aðstæður er mjög mikilvægt að bankar sýni ábyrgð gagnvart viðskiptavinum sínum og það hefur verið metnaðarmál fyrir okkur í Landsbankanum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að draga úr þenslunni þannig að verðbólgan fari ekki af stað með tilheyrandi vandræðum fyrir fólkið í landinu.

Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Olíufélagsins, Samskipa og SÍF:

# Mikil tækifæri til áframhaldandi sóknar

Árið 2005 hefur verið afar gott fyrir marga sem eru í viðskiptum og sterk króna hjálpað ýmsum en á sama tíma reynst öðrum erfið. Í því hagfellda viðskiptaumhverfi sem nú ríkir er mikilvægt að huga að framtíðinni og nota tímann til að vinna að framleiðniaukningu og hagræðingu, þannig að fyrirtæki séu sem best í stakk búin til að mæta áföllum þegar að kreppir. Það verður áhugavert að fylgjast með framgangi mála í viðskiptalífinu næstu 12-24 mánuði. Margir hafa færst mikið í fang en áframhaldandi tækifæri til sóknar og frekari uppbyggingar eru mikil. Það er hins vegar áhyggjuefni á hve fáum herðum þessi sókn viðskiptalífsins byggist því þegar grannt er skoðað er þetta ekki ýkja stór hópur sem ber uppi þessi umsvif.



**ÓLAFUR ÓLAFSSON STJÓRNARFORMAÐUR SÍF** Áhyggjuefni á hve fárra herðum sókn viðskiptalífsins hvílir.

### MJÚK LENDING

Staða nýsköpunar í atvinnulífinu er áhyggjuefni og nauðsynlegt að huga að úrbótum því þar liggja vaxtarbroddarnir sem eiga að bera uppi atvinnulíf framtíðarinnar. Mikilvægt er að vel takist til með almenna stjórn efnahagsmála, svo tryggt sé að lendingin verði mjúk og breytingar komi ekki harkalega niður á fyrirtækjum og heimilunum í landinu.

### ÁR UMBREYTINGA

Á þeim vettvangi sem ég starfa á hefur yfirstandandi ár verið tími mikilla umbreytinga. Samskip fjárfestu í þremur stórum fyrirtækjum erlendis á árinu, Geest North Sea Line, Kloosterboeer og Seawheel. Mikill tími og orka hafa farið í undirbúning og endurskipulagningu á rekstrinum í kjölfarið. Þá voru merk tímamót í uppbyggingu Samskipa á Íslandi á árinu. Nýjar höfuðstöðvar voru teknar í gagnið og tvö ný sérsmíðuð skip voru afhent félaginu á fyrri hluta ársins.

Á komandi ári verður haldið áfram frekari uppbyggingu félagsins. Hvað SÍF varðar þá hefur fyrirtækið unnið vel úr sínum málum á yfirstandandi ári og mörkuðu kaup þess á Labeyrie Group þáttaskil í rekstrinum. Vel hefur gengið að ná settum markmiðum um að samþætta fjölbreyttan rekstur félagsins í kringum kjarnastarfsemina. Óvæntar aðstæður sköpuðust vegna viðskiptapólitískra ákvarðana Evrópusambandsins sem leiddu til verulegrar hækkunar hráefnisverðs en ekki er ástæða til að ætla að þar sé um viðvarandi ástand að ræða. Áfram verður unnið markvisst að því að styrkja innviði SÍF og er stefnt að frekari fjárfestingum á komandi ári. Rekstur Olíufélagsins hefur gengið vel á yfirstandandi ári og mikill árangur náðst í endurhögun þess rekstrar.

Það er því yfir mörgu að gleðjast á þessum tímamótum en jafnframt við hæfi að minnast þess að velgengnin er brothætt. Því er ráðlegt að ganga hægt um gleðinnar dyr.

**Staða nýsköpunar í atvinnulífinu er áhyggjuefni og nauðsynlegt að huga að úrbótum því þar liggja vaxtarbroddarnir sem eiga að bera uppi atvinnulíf framtíðarinnar**

Hannes Smárason forstjóri FL Group

# Viðburðaríkt ár framundan



**HANNES SMÁRSON FORSTJÓRI FL GROUP** Hannes segir að aldrei í sögu fyrirtækisins hafi fjárhagslegur styrkur verið meiri og tækifærin jafn mörg.

Árið sem er að líða var svo sannarlega viðburðaríkt fyrir FL Group. Fljótlega í byrjun árs voru stigin stór skref í umbreytingu félagsins frá flugfélagi í fjárfestingafélag. Þá lét þáverandi forstjóri af starfi eftir langan og farsælan feril. Einnig var fjárfest í flugvélum til leigu til þriðja aðila sem var nýjung fyrir félagið. Á aðalfundi félagsins í mars var einnig nafni félagsins breytt úr Flugleiðum hf. í FL Group til að undirstrika breyttar áherslur. En umbreytingunni var hvergi nærri lokið. Um mitt árið bættust nýir hluthafar í hópinn og í kjölfarið var hafist handa við að stíga enn stærra skref til framtíðar. Þeirri vinnu lauk í nóvember þegar félagið jók eigið fé sitt um 44 miljarða í einu stærsta og best heppnaða hlutafjárútboði á Íslandi. Viðbrögð markaðarins hafa ekki látið á sér standa og hefur verðmæti félagsins aukist umtalsvert frá útboðinu. Einnig áttu sér stað umtalsverð fyrirtækjakaup þegar félagið festi kaup á Bláfugli hf. og Sterling A.S. á haustmánuðum.

**Félagið jók eigið fé sitt um 44 miljarða í einu stærsta og best heppnaða hlutafjárútboði á Íslandi**

### BLÁSIÐ TIL SÓKNAR

Þegar ég horfi til ársins 2006 er ég fullur bjartsýni. Aldrei í sögu okkar fyrirtækis hefur fjárhagslegur styrkur verið jafn mikill og tækifærin jafn mörg. Ég tel fullvíst að árið sem er framundan verði viðburðaríkt og ævintýrið heldur áfram. Fjölmörg spennandi verkefni eru í pípunum og eitt er víst að við munum ekki staldra við og horfa í baksýnisspegilinn heldur blása til sóknar sem aldrei fyrr. Það er aðalsmerki þeirra sem koma að rekstri FL Group að ná árangri og það er eini raunverulegi mælikvarðinn sem hluthafar okkar eiga að nota til að meta árangurinn af starfi okkar. Við höfum lagt góðan grunn, byggjum á langri sögu og okkar verkefni er að sjá til þess að verðmætaaukning hluthafa verði ásættanleg. Að lokum kann ég öllu starfsfólki sem starfar hjá fyrirtækjum í eigu FL Group kærar þakkir fyrir frábært starf.

**Þorsteinn Már Baldvinsson forstjóri Samherja**

# Sjávarútvegurinn nær horfinn úr Kauphöllinni

„Mér, eins og öðrum sem starfa í útflutningsatvinnugreinunum, er auðvitað ofarlega í huga hið ógnarháa gengi íslensku krónunnar. Þetta sterka gengi hefur haft mikil áhrif á rekstur allra framleiðslugreina í landinu. Afleiðingarnar eru m.a. þær að nokkur fyrirtæki hafa flutt hluta af starfsemi sinni úr landi á árinu,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson forstjóri Samherja.

**Nú er svo komið að sjávarútvegurinn, sem átti hvað stærstan þátt í að byggja upp innlenda hlutabréfamarkaðinn á sínum tíma, er vart sýnilegur í Kauphöll Íslands**

„Annað eftirminnilegt í mínum huga er auðvitað það að Samherji dró sig út af hlutabréfamarkaði og fylgdi þar í kjölfar fjölmargra sjávarútvegsfyrirtækja. Nú er svo komið að sjávarútvegurinn, sem átti hvað stærstan þátt í að byggja upp innlenda hlutabréfamarkaðinn á sínum tíma, er vart sýnilegur í Kauphöll Íslands. Það er auðvitað sorglegt í sjálfu sér en engu að síður eðlileg afleiðing af þeirri umfjöllun sem atvinnugreinin hefur mátt þola, bæði í fjölmiðlum og inni á Alþingi. Fyrirtæki á almennum hlutabréfamarkaði geta einfaldlega ekki búið við slíkt og því hafa langflest sjávarútvegsfyrirtækin horfið þaðan.

Það er ennfremur umhugsunarvert að útrás íslenskra fyrirtækja í sjávarútvegi heyrir að mestu sögunni til. Önnur fyrirtæki hafa tekið við keflinu og státa mörg hver af glæsilegum árangri.

**Á NÝJU ÁRI**

Hvað nýtt ár varðar mun sterk króna halda áfram að hafa áhrif á gengi framleiðslufyrirtækja og jafnframt er ljóst að launaskrið mun aukast. Á hinn bóginn býst ég við að áfram fáist gott verð fyrir sjávarafurðir, í erlendri mynt talið. Ákveðin óvissa ríkir varðandi loðnuveiðarnar, en það er auðvitað bara hluti af þeim veruleika sem sjávarútvegur býr við. Ég hef oft bent á að það sé ekki á innbyggða óvissu í lífríkinu bætandi með pólitískum deilum um sjávarútvegsmál,“ segir Þorsteinn Már.



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON FORSTJÓRI SAMHERJA** Forstjóri Samherja segir að sterkt gengi krónunnar muni halda áfram að hafa áhrif á afkomu framleiðslufyrirtækja og launaskrið muni aukast.



**HREIÐAR MÁR FORSTJÓRI KB BANKA** Hreiðar telur að við það að starfsemi bankans fari fram í sífellt fleiri löndum minnki áhætta á starfseminni.

**Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings banka**

# Gjöfult ár að baki

Árið 2005 hefur á margan hátt verið gott ár fyrir okkur í Kaupþingi banka. Reksturinn hefur gengið mjög vel og raunar er útlit fyrir að þetta verði metár í sögu bankans. Ég held því að starfsmenn og hluthafar bankans geti unað nokkuð sáttir við niðurstöðu ársins.

**70% AF TEKJUM UTAN ÍSLANDS**

Starfsemi Kaupþings banka fer fram í æ fleiri löndum og nú skapast rúmlega 70% af tekjum okkar utan Íslands. Með þessu móti höfum við byggt fleiri tekjustoðir undir starfsemi okkar og dregur það að mínu mati verulega úr áhættu í starfseminni. Jákvætt er að allar helstu starfsstöðvar bankans hafa gengið mjög vel en góð ytri skilyrði hafa einnig hjálpað til, eins og hjá öðrum bönkum.

**KAUP Á SINGER**

Helsti viðburður ársins hjá okkur voru kaupin á breska bankanum Singer & Friedlander, sem er einn af tuttugu stærstu bönkum Bretlands. Kaupin hljóðuðu upp á rúmlega 60 milljarða króna og gjörbreyta þau stöðu okkar í Bretlandi. Með Singer & Friedlander erum við komin með traustan grunn undir frekari sókn þar. Þá tel ég að við höfum nýtt árið vel til að efla starfsstöðvar okkar víða í Norður-Evrópu. Við settum til dæmis upp fyrirtækjaráðgjöf í FIH, dótturfélagi okkar í Danmörku, með góðum árangri, auk þess sem FIH hefur útvíkkað starfsemi sína til Suður-Svíþjóðar. Þá hefur verið mikill vöxtur í starfsemi okkar í Lúxemborg, Finnlandi og í Svíþjóð.

**EINOKUN ROFIN**

Hér á Íslandi hefur bankinn átt mikilli velgengni að fagna. Fjölmargir eru bankanum þakklátir fyrir að rjúfa einokun Íbúðalánasjóðs á sínum tíma og bjóða almenningi betri vaxtakjör en ríkisstofnunin. Árið 2005 markaðist töluvert af umræðum um þessi mál og nú í árslok er ég auðvitað ánægður með að KB banki geti boðið mun betri kjör á þessum markaði en ríkið og helstu keppinautar treysta sér til.

**BJART FRAMUNDAN**

Ég lít björtum augum fram á veginn og vona að árið 2006 verði gjöfult ár fyrir bankann og raunar fyrir Íslendinga alla. Ég vil svo að lokum óska viðskiptavinum og starfsmönnum bankans gleðilegs nýs árs.

**Nú í árslok er ég auðvitað ánægður með að KB banki geti boðið mun betri kjör á þessum markaði en ríkið og helstu keppinautar treysta sér til**












**ERLENDUR HJALTASON FORSTJÓRI EXISTA** Erlendur segir að grundvöllinn að góðri afkomu fyrirtækja megi rekja til einkavæðingar bankanna.

Erlendur Hjaltason forstjóri Exista

# Skólabókardæmi um einkavæðingu

Ársins 2005 verður minnst fyrir góða afkomu íslenskra fyrirtækja. Á árinu hefur mörgum íslenskum fyrirtækjum tekist að uppskera eins og til var sáð og mynda verulegan hagnað sem styrkir stöðu þeirra. Grundvöllinn að þessum árangri má m.a. rekja til einkavæðingar bankanna og þeirri þróun sem þeir komu af stað. Fyrirtæki innanlands og erlendis hafa nýtt sér þennan drifkraft og nokkur fyrirtæki tóku stór skref á árinu sem munu gagnast til framtíðar.

**Sala Símans er skólabókardæmi um vel heppnaða einkavæðingu**

**ÍBÚÐALÁNAKJÖR BATNAÐ**

Bankar og fjármálastofnanir styrktu stöðu sína enn frekar á húsnæðislánamarkaði á árinu og rufu þannig yfirburðastöðu ríkisins á þeim markaði. Þessi aðgerð gerbreytir fjármálaþjónustu á Íslandi sem til lengri tíma litið mun væntanlega leiða til þess að íslenskir húsnæðiseigendur búa við vaxtastig sem er nær því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Tvímælalaust mikil kjarabót fyrir almenning.

Á árinu myndaðist virkur markaður með stofnfjárbréf sparisjóða sem hefur styrkt rekstrargrundvöll þeirra. Vonandi munu frekari skref verða stigin í þá átt að efla samkeppnishæfni sparisjóðanna á komandi árum.

**GAGNSÆTT FERLI**

Á árinu 2005 var fjárfestingarfélagið Exista, sem áður hét Meiður, eflt verulega og er nú eitt öflugasta fjárfestingarfélag landsins. Exista fór fyrir hópi fjárfesta sem festi kaup á hlut ríkissjóðs í Símanum. Sala Símans er skólabókardæmi um vel heppnaða einkavæðingu. Einkavæðingarnefnd fór þá leið að halda ferlinu mjög gagnsæju, sem gerði það að verkum að gagnrýnisraddir hafa ekki heyrst nema frá þeim sem voru andvígir sölunni frá upphafi. Þátttaka lífeyrissjóða tryggir aðkomu stórs hluta landsmanna að fyrirtækinu og með skráningu félagsins munu í framtíðinni enn fleiri hluthafar bætast í hópinn.

Guðmundur Kristjánsson forstjóri Brims

# Það er alltaf öldurót í sjávarútvegi

Það sem stendur upp úr hjá mér og mínu fyrirtæki er hversu vel hefur tekist með rekstur á skipunum Guðmundi Í Nesi og Sólbak á þessu ári. Mikill hamagangur var í verkalýðsforustunni vegna breytinga á ráðningarsamningum skipverja þessara skipa við útgerðina á sínum tíma. Til dæmis hefur ávinningurinn fyrir sjómennina á Guðmundi Í Nesi verið jafnari tekjur og langtíma skipulag vinnu. Sjómennirnir róa annan hvern túr og fá að vita með sex til níu mánaða fyrirvara nákvæmt róðrarplan. Þetta skipulag hefur reynst mjög farsælt bæði fyrir sjómenn og útgerð. Allur rekstur byggist á góðu og traustu starfsfólki og hafa skipverjar á þessum skipum sýnt mikið þor og úthald í baráttunni við öfl sem vilja hefta sjávarútveginn og festa í helgreipar afturhalds og forsjárhyggju. „Þessi barátta Brims hefur kennt mér að við verðum alltaf að vera á varðbergi gangvart þeim öflum sem vilja hefta frelsið og rétt einstaklinga til að ráða sér sjálfir,“ segir Guðmundur.



**GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON FORSTJÓRI BRIMS** Guðmundur segir að baráttta Brims hafi kennt sér að vera á varðbergi gegn öflum sem vilji hefta frelsið.

**LÆGIR UM SÍÐIR**

Það er alltaf öldurót í kringum sjávarútveginn á hverjum tíma en það lægir um síðir og sjávarútvegurinn á Íslandi mun standa þessa storma af sér sem ganga yfir núna eins og endranær. Þegar storminn lægir verða vel reknu fyrirtækin, bæði stór og smá, með traust og gott starfsfólk sem mun leiða sjávarútveginn inn í nýja tíma. Á næsta ári mun reyna mikið á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hvernig þau munu standa sig í að selja og markaðsetja íslenskt sjávarfang á erlendum mörkuðum. En mín trú er að íslensku sjávarútvegsfyrirtækin munu vera áfram traustur hlekkur í því að skapa hér á landi góð lífskjör og hagsæld á næstu árum.

**Allur rekstur byggist á góðu og traustu starfsfólki og hafa skipverjar á þessum skipum sýnt mikið þor og úthald í baráttunni við öfl sem vilja hefta sjávarútveginn og festa í helgreipar afturhalds og forsjárhyggju**







**Sigurður Einarsson stjórnarformaður KB banka**

# Bankinn öflugri en nokkru sinni fyrr

**Ég vil að lokum nota tækifærið og óska landsmönnum öllum farsældar á komandi ári. Ásamt sjávarútvegi er fjármálaþjónusta nú orðin mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar á mælikvarða landsframleiðslu**

Árangur Kaupþings banka á þessu ári hefur verið góður og er bankinn nú öflugri en nokkru sinni fyrr. Við lítum því til komandi árs með tilhlökkun enda á kröftug uppbygging sér stað á öllum markaðssvæðum bankans um þessar mundir.

Ísland, Danmörk og Bretland eru nú mikilvægustu markaðssvæði okkar. Bankinn hefur náð góðum árangri í Bretlandi og kaupin á Singer & Friedlander skapa ný og spennandi sóknarfæri. Um 500 sérfræðingar Singer & Friedlander og Kaupþings í Lundúnum munu sameinast í nýjum skrifstofum bankans í hjarta borgarinnar um mitt næsta ár. Starfsemin í Danmörku stendur afar traustum fótum og á næsta ári mun verðbréfamiðlun bætast við núverandi starfsemi okkar þar. Þá bindum við miklar vonir við nýja og öfluga stjórnendur sem nýlega hafa gengið til liðs við bankann í Svíþjóð og Noregi.

### KB MERKISBERI

Kaupþing banki hefur verið merkisberi nýrra tíma í bankaþjónustu hér á landi og við ætlum okkur að vera áfram í forystu í þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Við höfum stuðlað að verulegri lækkun á stærsta útgjaldalið íslenskra heimila, húsnæðislánum, og markmið okkar er að tryggja viðskiptavinum okkar áfram bestu kjör á því sviði.

### VANDASAMT VERKEFNI

Atvinnulífið stendur traustum fótum um þessar mundir og rekstrarárangur fjölmargra íslenskra fyrirtækja er eftirtektarverður. Mikill viðskiptahalli bendir þó til ákveðins ójafnvægis í hagkerfinu. Krónan er sterk um þessar mundir og flestum er ljóst að núverandi gengi hennar er ekki við jafnvægismörk til lengri tíma litið. Stjórnvöldum og Seðlabanka bíður vandasamt verkefni við að tryggja áframhaldandi stöðugleika og mjúka lendingu hagkerfisins.

### EKKI EINBLÍNT Á NÁTTÚRUAUÐLINDIR

Það er þó mín skoðun að íslenskt efnahagslíf hafi aldrei verið sterkara og fjölbreyttara en nú. Ásamt sjávarútvegi er fjármálaþjónusta nú orðin mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar á mælikvarða landsframleiðslu. Við treystum því ekki einungis á náttúruauðlindir landsins, heldur höfum við skapað ný verðmæti með þeim mannauði sem býr í íslensku þjóðinni.



**SIGURÐUR EINARSSON STJÓRNARFORMAÐUR KB BANKA** Sigurður segir að stjórnvölum og seðlabanka bíði vandasamt verkefni að tryggja stöðugleika og mjúka lendingu hagkerfisins




**Magnús Þorsteinsson stjórnarformaður Avion Group**

# Gífurlega viðburðaríkt ár

**Um leið lýsi ég yfir þakklæti mínu til alls starfsfólksins sem hefur lyft grettistaki og unnið frábært starf**

Þetta ár sem er að líða hefur verið mjög viðburðaríkt. Árið hófst eiginlega með látum og Avion Group var stofnað á fyrsta degi nýs árs. Við tók mikil vinna við að byggja upp stórt og voldugt fyrirtæki í fremstu röð í heiminum á sviði flutninga. Ákveðnum kafla í þessari vinnu er að ljúka nú undir árslok og Avion Group verður skráð í Kauphöll Íslands á næstu vikum. Þetta er búið að vera erfitt verkefni en mjög skemmtilegt. Avion Group hefur á að skipa einhverju öflugasta alþjóðlega stjórnendateymi sem völ er á í dag. Við fengum svo ánægjulega staðfestingu á því og mörgu öðru sem við höfum verið að gera þegar félagið var valið annað framsæknasta fyrirtæki í Evrópu, nú í nóvember. Það var var nú ein stærsta stund ársins 2005 að vera í hópi lykilstjórnenda Avion Group í Barcelona og taka við þessari viðurkenningu. En þetta er ekki bara viðurkenning fyrir stjórnendur. Þetta er viðurkenning til alls þess fólks sem vinnur hjá Avion Group. Um leið lýsi ég yfir þakklæti mínu til alls starfsfólksins sem hefur lyft grettistaki og unnið frábært starf, hvort sem er hjá Eimskip, Atlanta eða í Excel airways – sem sagt Avion Group.

### Á NÝJU ÁRI

Varðandi næsta ár, 2006 þá er ég bjartsýnn á gott gengi. Hvar sem er í heiminum eru flutningar að aukast og þetta er mjög spennandi iðnaður að starfa í um þessar mundir. Mikil vinna mun fara í það hjá okkur að halda utan um vöxt félagsins sem hefur verið gríðarlega mikill á skömmum tíma. Annað stórt verkefni er að taka vel á móti ríflega 20 þúsund nýjum hluthöfum í Avion Group á fyrsta ársfjórðungi, þegar Straumur-Burðarás mun afhenda sínum hluthöfum bréf í Avion Group eins og um var samið þegar við keyptum Eimskip. Ég sé bara mikla vinnu og bjarta tíma framundan, hvort sem er fyrir Avion Group eða Ísland. Ég er bjartsýnn á árið og hlakka til að takast á við krefjandi verkefni og vil nota tækifærið og óska öllum Íslendingum gleðilegs og gæfuríks árs, með þakklæti fyrir það gamla.



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON STJÓRNARFORMAÐUR AVION GROUP** Magnús segir að ein stærsta stund ársins hafi verið þegar Avion Group var kjörið annað framsæknasta fyrirtæki Evrópu.



# Þeir sem fljóta sigra straum tímans

Ég er nú einu sinni þannig, þrátt fyrir að vera mikill raunsæismaður að ég les alla spádóma sem ég kemst yfir. Ekki það að ég taki fullt mark á þeim, en allur er varinn góður þegar athafnir manns krefjast þess að sjá hið ófyrirséða.

Ég hef nokkrum sinnum farið til spákonu og haft gaman af og er ekki frá því að þær hafi stundum hitt naglann á höfuðið. Alla vega sú sem sagði við mig, þegar ekkert í fari mínu gaf til kynna að ég ætti eftir að ná langt, að ég ætti eftir að verða ríkur og gæfusamur í einkalífi og gott ef hún minntist ekki á að kynlífið ætti eftir að verða gott. Ekki get ég rengt þennan spádóm, án þess að ég kunni skýringar á hvernig sú gamla rataði á rétta framtíð fyrir mig.

Eitt hef ég hins vegar aldrei skilið. Það er að ég sem bý ekki yfir neinum dulrænum hæfileikum, en veit mínu viti um markaðinn, hef grætt svona mikið meðan spákonurnar sitja við eldhúsborð úr Rúmfatalagernum í íbúð á vegum Féló og spá í bolla fyrir tvöþúsund kall.

Ef þær vita hvað er á seyði, þá ættu þær náttúrlega að fjárfesta svolítið til að hafa það betra. Það er kannski verkefni fyrir mig á næsta ári að sameina krafta spákaupmanna og spákvenna og búa til úr því ósigrandi fjárfestingarfélag.

Jæja, maður þarf nú reyndar ekki að vera með beint samband við almættið til að sjá að Straumur er í þann veginn að selja hlutinn sinn í Íslandsbanka. Gæti meira að segja hafa gerst þegar pistillinn birtist. Annars þarf sennilega meiri spádómsgáfu en oft áður til þess að koma vel út úr næsta ári. Ég fór alveg óttalaus inn í þetta sem nú er að líða og sé ekki eftir því. Kominn með góðan hagnað af verulega skuldsettum stöðum í hlutabréfum. Ég var allan tímann sannfærður um að krónan yrði sterk út árið og hafði engar áhyggjur af veikingartali. Það voru dýrar jólagjafi heima hjá mér þessi árin og ég er ekki svefnlaus yfir því að plasmassjónvarpið endist ekki nema í í fimm ár. Þá kaup ég mér bara nýtt.

Næsta ár er flóknara. Ég spái því að KB banki kaupi bankastarfsemi Sampó og klári loksins kaup á verðbréfafyrirtæki í Bretlandi. Þeir gætu líka átt eftir að styrkja sig í Hollandi eða Luxemburg. Hinir bankarnir verða áfram í útrásarhug og spennandi að sjá hvaða áherslur muni fylgja nýjum hluthöfum í íslandsbanka.

Ég sé líka fyrir mér að tryggingafélög eigi eftir að fara í frekari útrás. Synd hvað fá þeirra eru á markaði. Kannski að það breytist aftur á árinu. Hver veit.

Krónan á sennilega eftir að gefa eftir á síðari hluta ársins og þá hugsanlega hlutabréfamarkaðurinn einnig. Ég ætla alla vega að vera minna skuldsettur í hlutabréfum á komandi ári, en ég var á þessu. Ég fékk smá hroll eftir Avionútboðið og hækkunina á FL Group. Keypti auðvitað hlut í Avion, enda garanteruð veisla framundan í þeim bréfum. Samt verður maður smá stressaður þegar allir á markaðnum virðast kaup með það fyrir augum að innleysa hagnað fljótt. Markaðurinn er komin með smá greater fool einkenni og þá gæti toppurinn verið skammt undan. Maður hefur séð slíkt áður og náð að forða sér í tíma.

Samt verður örugglega fullt í gangi. Ég býst líka við því að Bakkavör kaupi félag á árinu framundan og noti tækifærið og auki hlutaféð sitt smá. Ég hef trölla trú á þeim. Annað fyrirtæki sem gæti átt eftir að blómstra, sérstaklega ef krónan bakkar er Marel. Þar eru spennandi hlutir í gangi og þetta félag sem er eitt af mínum uppáhalds í gegnum tíðina gæti átt eftir að koma á óvart á árinu. Össur og Actavis lofa líka ágætu og spennandi að sjá hvernig vinnst úr Alpharmakaupunum. Ef vel tekst til að vinna úr fjárfestingu Actavis í Bandaríkjunum, spái ég því að félagið verði skráð á Nasdaq, en ekki London eins og margir hafa haldið.

Það verður spennandi að fylgjast með Straumi á nýju ári. Bankinn mun sennilega verða meira í útlöndum en hér heima. Ég spái því að Straumur eigi eftir að verða meira áberandi í erlendum fjárfestingum Björgólfs Thors. Björgólfur verður sjálfur væntanlega á fleygiferð á komandi ári. Hann þarf að púsla saman þessum símafjárfestingum sínum og tengja þær saman. Ég býst við að Straumur komi að einhverju leyti inn í þær breytingar.

FL Group og Baugur verða áfram áberandi á komandi ári. FL Group mun fara yfir tuttugu prósent í easyJet og jafnvel reyna yfirtöku. Baugur á líka eftir að kaupa stórt fyrirtæki í Bretlandi á næsta ári, ef þetta eilífðar Baugsmál verður ekki enn og aftur að þvælast fyrir þeim.

Er ég að gleyma einhverju? Alveg örugglega. Þó ég hafi ekki jafn mikla trú á næsta ári og því sem er að líða, þá er ég sannfærður um að það eru nokkuð góðir tímar framundan. Þeir sem hafa farið fremstir í viðskiptalífinu eru ekkert farnir að hægja á sér og ekkert útlit fyrir stöðnun í bráð. Veislan heldur áfram vel fram á næsta ár, en þá taka kannski við óvissari tímar. Þá verð ég búinn að tryggja mig sæmilega gegn hugsanlegum áföllum og held áfram að taka réttar ákvarðanir á réttum tíma, enda er það mér í blóð borið og ég get ekkert að því gert.

*Spákaupmaðurinn á horninu.*





VISA Lán
– HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Dreifðu staðgreiðslunni

VISA Lán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

VISA

Spurðu um VISA Lán
Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan
eða í síma 525 2000

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**

**66,7** milljarðar króna. Kaup Exista og annarra fjárfesta á öllum hlut ríkisins í Símanum.

**100%** Hlutabréf Landsbankans, Bakkavarar Group og FL Group hafa tvöfaldast í virði á árinu.

**6,5%** styrking krónunnar. Krónan hefur haldist sterk á árinu og haft mikil áhrif á starfsemi útflutningsfélaga.



## Blaðið efst á blaði

Dómnefnd Markaðarins var ekki jafn skýr í niðurstöðu sinni þegar hún var beðin að nefna verstu viðskipti ársins og þau bestu. Atkvæði dreifðust nokkuð, en þau viðskipti sem fengu flest atkvæði voru kaup Árvakurs á Ári og degi sem gefur út Blaðið. Nú kann það að skýra hluta af niðurstöðunni að kaupin voru gerð á meðan dómnefnd var að störfum og viðskiptin því fersk í huga manna. Hins vegar virðist engum blöðum um það að fletta að sérfræðingarnir telja að ef þessi viðskipti eigi sér framtíð verði að snúa við blaðinu.

## Hin hlið teningsins

Kaup Pálma Haraldssonar á Sterling og salan til FL Group voru ótvírætt viðskipti ársins að mati dómnefndar. Hins vegar var dómnendin ekki jafn sannfærð um að sá sem sat hinum megin borðsins hefði gert jafn góð kaup. Næstflestar tilnefningar í flokknum verstu viðskiptin fengu kaup FL Group á Sterling.
Ljóst er að hvernig sem fer, þá mun Pálmi hagnast vel á viðskiptunum og því betur sem betur gengur á þessu ári. Pálmi telur sjálfur að FL Group hafi gert afar góð kaup, en eins og svo oft áður, þá er það tíminn einn sem sker úr um það hvað eru góð kaup og hvað slæm.

## Fleiri í hópi verstu

Þeir sem seldu hlutabréf á árinu sem er að líða fengu atkvæði dómnefndar yfir verstu viðskipti ársins. Icelandic Group fékk atkvæði fyrir kaup sín á Pickenpack, svo og Atorka fyrir kaup á Austurbakka. Kaupin á Merlin fengu einnig atkvæði í hópi verstu viðskiptanna og stjórnendur Íslandsbanka fyrir sölu á bréfum í bankanum. Straumur fékk eitt prik í flokki verstu viðskiptanna fyrir að hafa tekið Burðarás á yfirverði. Þá fengu kaup Milestone á Sjóvá athkvæði í hópi verstu viðskiptanna.
Allt um það. Þeir sem fengu atkvæði í þessum flokki hafa nú framtíðina til að sanna hið gagnstæða. Það er líka huggun harmi gegn að sagan kennir að margt það sem augnablikið kann illa að meta reynist vel þegar tíminn hefur fengið að dæma um árangurinn.

Himinn og haf / SÍA

póst húsið

– skapandi samkeppni

Pósthúsið ehf. er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa- og vörudreifingar en þar starfa um 2000 manns. Stjórnendur búa yfir yfirgripsmikilli reynslu og þekkingu á þessu sviði og nú þegar er Pósthúsið stærsti dreifingaraðili blaða og tímarita á landinu.

**Ódýrari valkostur**

Þrátt fyrir víðtækt dreifinet og mikinn starfsmannafjölda er yfirbygging í lágmarki og mikil áhersla lögð á hagkvæmni í rekstri. Þess vegna getur Pósthúsið boðið þjónustu sína á betra verði, án þess að nokkursstaðar sé slegið af kröfum um öryggi, traust eða áreiðanleika.

Markpóstur
Fjölpóstur
Magnpóstur
Blöð og tímarit
Markhópagreining
Prentun, umslög og frágangur
Plastpökkun
Vörudreifing

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 12a | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

„Hvar hefur þú verið allt mitt líf?“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

GOTT FÓLK McCANN